



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**Þunnsneiðalýsingar og myndir frá holum  
á Norður-Reykjum og Helgadal**

**Hefi 1, 2, 3 og 4**

Jens Tómasson

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-93050/JHD-27 B

Október 1993

**Punnsneiðalýsingar og myndir frá holum  
á Norður-Reykjum og Helgadal**

**Hefti 1, 2, 3 og 4**

Jens Tómasson

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-93050/JHD-27 B

Október 1993

**Punnsneiðalýsingar og myndir frá holum  
á Norður-Reykjum og Helgadal**

**Hefi 1  
Holur Mg-37 og Mg-19**

Jens Tómasson

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-93050/JHD-27 B

Október 1993

## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR	4
2.1 Þunnsneiðalýsing frá Mg-37	4
2.2 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-19	11
MYNDIR FRÁ HOLUM Mg-37 og Mg-19	15
VIÐBÆTIR I. Skalar	61
VIÐBÆTIR II. Þunnsneiða- og myndaskrá	67
VIÐBÆTIR III. Filmu- og myndaskrá	71

## 1. INNGANGUR

Teknar hafa verið saman lýsingar á þunnsneiðum úr borholum (Mg-holum) Hitaveitu Reykjavíkur á Norður-Reykjum og í Helgadal í Mosfellsbæ. Eins hafa verið teknar smásjár-ljósmyndir af hverri þunnsneið. Ákveðið hefur verið að gefa út í tvíriti bæði lýsingarnar og ljósmyndirnar og verður annað eintakið í vörslu HR en hitt á Orkustofnun, enda hafa þessir aðilar staðið sameiginlega að þessari vinnu. Vegna umfangs ljósmyndanna verður útgáfan í nokkrum heftum. Í þessum fjórum fyrstu heftum verða teknar fyrir þunnsneiðar frá Norður-Reykjum og Helgadal, en síðar verður þunnsneiðum frá Suður-Reykjum væntanlega gerð sömu skil og fleiri hefti gefin út.

Í hefti 1 eru sameiginlegur inngangur, þunnsneiðalýsingar og ljósmyndir frá holum Mg-37 og Mg-19 og í viðbæti I eru skalar, í II þunnsneiða- og myndaskrá og í III filmu- og myndaskrá fyrir öll heftin. Í heftum 2-4 eru skalar og þunnsneiða- og myndaskrár í viðbæti I og II.

Í hefti 2 eru þunnsneiðalýsingar og myndir frá holum Mg-28, Mg-5, Mg-21, Mg-32 og Mg-36.

Í hefti 3 eru þunnsneiðalýsingar og myndir frá holum Mg-34, Mg-29, Mg-38 og Mg-33.

Í hefti 4 eru þunnsneiðalýsingar og myndir frá holum Mg-35 og Mg-39.

Framkvæmd verksins var hagað þannig, að upphaflegar þunnsneiðalýsingar voru skráðar í tölvu nokkurn veginn óbreyttar. Tilgangurinn með greiningum og lýsingum þunnsneiða var fyrst og fremst sá að kanna berggerðina, en einnig var gerð stutt lýsing á þeirri ummyndun og holufyllingum sem fundust í hverri sneið. Þetta ætti að flýta fyrir væntanlegum ummyndunar-rannsóknum á svæði því sem hér er til umfjöllunar.

Samtímis þunnsneiðalýsingunum voru teknar ljósmyndir af viðkomandi þunnsneiðum, en einnig voru teknar myndir eftir að fyrsta lýsing var gerð og eru þar af leiðandi með öðru filmunúmeri. Myndirnar eru númeraðar eftir filmum þannig að fyrst kemur númerið á myndinni á ákveðinni filmu, síðan filmunúmer, t.d. þýðir 5.10 mynd nr. 5 á filmu nr. 10. Í þessum fjórum heftum eru myndir frá filmum 9 til 34, en filmur 1-8 eru myndir af þunnsneiðum frá Suður-Reykjum, og verða þær birtar þegar búið er að gera þunnsneiðalýsingar af öllum sneiðum frá Suður-Reykjum. Í viðbæti III í hefti 1 eru töflur yfir myndir á hverri filmu. Í þessum töflum eru skráð myndnúmer, þunnsneiða- og holunúmer, dýpi og stækkun. Í dálki um stækkun er skráð stærð á linsum sem notaðar hafa verið, t.d. 10 x 10 þýðir 100-föld stækkun með linsum. Stækkun gerist í þremur þrepum, þ.e. með linsum, frá linsu upp í filmu og frá filmu yfir á mynd. Með því að taka mynd af mm-skala fyrir hverja stækkun er hægt að finna lengdir í mm á myndum fyrir hverja stækkun. Um er að ræða fjórar mismunandi stækkanir og fjóra mismunandi skala, og á hvern skala eru merktar inn samskonar stækkanir og merktar eru í töflunum í viðbæti III.

Á hverja mynd er skráð myndnúmer, þunnsneiðanúmer, holunúmer, dýpi í m og stækkun. Þar sem næstum allar myndir eru með krossuð nikkól, er það ekki merkt inn á myndirnar heldur sérstaklega tekið fram ef myndin er ekki krossuð. Einnig er í nokkrum tilvikum notuð Bernhard linsa og er tilgreint í þeim myndatextum sem fylgja hverri mynd ef svo er. Auk ofanefndra atriða er stutt lýsing á því sem sést á hverri mynd. Nokkrar styttingar eru notaðar í þessum lýsingum, t.d. er notað orðið gróft í stað grófkristallað og svipaðar styttingar eru gerðar við aðrar kristallagerðir. Oft er notað þóleift í stað þóleiftbasalts, merkið -> er notað milli tveggja steinda og þýðir, að steindin eða glerið sem er á undan hefur ummyndast yfir í steind-

ina sem á eftir kemur. Orðið settúff sem notað er í myndskýringunum, þýðir þar að á myndinni eru brotkorn þar sem dreifikornastærðin er minni en brotkornastærðin og dreifikornin eru gler eða ummyndað gler.

Að öðru leyti eru svipaðar styttingar og notaðar hafa verið í skýrslunum um jarðlagatengingar frá Suður-Reykjum, Norður-Reykjum og Helgadal.

## 2. ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR

### 2.1 Þunnsneiðalýsing frá Mg-37

Þunnsneið nr 6872, Mg-37, dýpi 52 m.

Blönduð brotkorn, mest brotkorn frá móbergsbreksíu, nokkuð af fremur fersku þóleiðbasalti og nokkrum ólivínþóleið brotkornum. Dreifikornin í móberginu eru yfirleitt stærri en brotkornastærðin (mynd 1.30). Þó finnst nokkuð af dreifikornum sem eru minni en brotkornastærðin (mynd 7.10). Glerið er mest ummyndað siderómelan gler en einnig finnst takkylít. Talsvert mikið er af holufyllingum, kalsíti og zeólítum. Zeólítarnir eru stilbít mesólít og jafnvel laumontít, mjög hátt tvíbrot, einnig finnst nokkuð af kvasi.

Þunnsneið nr 6873, Mg-37, dýpi 96 m.

Þunns konar brotkorn, þóleiðbasalt, mjög ummyndað ólivínþóleiðbasalt og brotkorn, sem eru frá breksíu (mynd 2.30). Ólivínþóleið er hluti af móbergsbreksíunni (mynd 11.10) þar sem eru blönduð brotkorn af ólivínþóleiði og ummynduðu gleri. Plagióklasinn virðist vera að mestu horfinn í ólivínþóleiðinu. Talsvert er af holufyllingum, kalsíti, zeólítum og epidóti sem finnst bæði með kvasi, zeólítum og kalsíti (myndir 1.9, 8.10 og 9.10), einnig spor af pyríti. Ummyndun af plagióklas finnst í ólivínþóleiðinu (myndir 10.10 og 11.10).

Þunnsneið nr 6874, Mg-37, dýpi 130 m.

Myndbreitt og mjög holufyllt móbergsbreksía. Einstaka brotkorn úr myndbreyttu ólivínþóleiði og preníti. Móbergsbreksían er mest siderómelan, þar sem dreifikornastærðin (mynd 3.30) er minni en brotkornastærðin og bindiefnið zeólítar, kvars og epidót eins og í mynd 12.10. Mynd 13.10 sýnir ummyndun af plagióklas yfir í zeólíta, kalsít (jafnvel anhydrit). Holufyllingar mest kalsít, zeólítar, kvars og analsím, en einnig finnst vottur af epidóti og preníti.

Þunnsneið nr 6875, Mg-37, dýpi 158 m.

Mestmegnis móbergsbreksía, holufyllt, nokkur basaltbrotkorn með ófitískan textúr, virðist vera á mörkum þóleiðs og ólivínþóleiðs basalts, allt ummyndað. Mest er af takkylítísku gleri, mjög blöðróttu og mjög holufylltu, oftast stærri brotkornastærðin (mynd 4.30). Holufyllingar eru laumontít, mesólít, kvars, epidót og spor af pyríti. Mynd 14.10.

Þunnsneið nr 6876, Mg-37, dýpi 176 m.

Túffkennd móbergsbreksía, mjög ummynduð. Móbergsbreksían er mest ummyndað siderómelan þar sem dreifikornastærðin er að verulegu leyti stærri en brotkornastærðin (mynd 5.30), en einnig finnast dreifikorn þar sem kalsít er bindiefni eins og á mynd 2.9. Zeólítar og analsím finnast einnig sem bindiefni, en analsím er aðal holufyllingarsteindin. Vottur er af anhydriti

(mynd 3.9). Einnig finnst anhydrít sem virðist hafa fallið út með analsím. Laumontít og kvars finnst (mynd 4.9).

Punnsneið nr 6877, Mg-37, dýpi 222 m.

Túffkennd móbergsbreksía. Dreifikornastærðin stærri en brotkornastærðin og glerið er mest takkylít (myndir 6.30 og 7.30). Einnig finnst mjög ummynduð brotkorn með plagíóklaslistum sem virðast vera af ólívínþóleíti, sennilega glerkenndu þar sem allur grunnmassinn er farinn yfir í smektít og kalsít (mynd 5.9). Holufyllingar eru kalsít, zeólítar (mesólít laumontít), analsím, anhydrít finnst einnig með analsími, og vottur af pyríti.

Punnsneið nr 6878, Mg-37, dýpi 258 m.

Mjög ummynduð og túffkennd móbergsbreksía þar sem leirsteindir og kalsít eru komin í staðinn fyrir glerið (myndir 9.30 og 10.30). Dreifikornin eru stærri en brotkornastærðin, mikið er af holufyllingum, það gæti verið að zeólítar væru einnig að koma í stað glers. Sumsstaðar hefur kalsít að hluta til komið í stað plagíóklas. Aðal zeólítinn er laumontít og talsvert af kvars og pyríti.

Punnsneið nr 6879, Mg-37, dýpi 296 m.

Fínkristallað þóleiítbasalt með litlu af holufyllingum (mynd 11.30). Verulegur hluti pyroxen er horfinn yfir í leir (myndir 15.10 og 16.10). Mjög mikið er af magnetíti, sennilega er það eina frumsteindin sem ekkert hefur ummyndast. Holufyllingar kvars og zeólít sem ekki er öruggt að þekkja og einnig er spor af pyríti og hematíti. Einnig eru nokkur takkylítbrotkorn.

Punnsneið nr 6880, Mg-37, dýpi 336 m.

Umynduð og holufyllt, glerrík móbergsbreksía (mynd 12.30). Mest er af kalsíti sem holufyllingarsteind, en auk þess finnst stílbít, laumontít og spor af pyríti. Dreifikornin í móberginu eru nærri öll stærri en brotkornastærðin. Það vottar fyrir brotkornum þar sem dreifikornastærðin er minni en brotkornastærðin (mynd 17.10).

Punnsneið nr 6881, Mg-37, dýpi 396 m.

Myndbreytt ólívínþóleiítbasalt (mynd 13.30). Sneiðin er of þykk og plagíóklas gulur. Það eru nokkuð þykkir plagíóklaslistar, hugsanlegt að þetta sé dólerít (mynd 13.9). Nokkuð er af holufyllingum svo sem kalsíti, kvars, heulandíti, epidóti og vottur af pyríti. Þetta lag er sprungið, það sést á mynd 6.9.

Punnsneið nr 6882, Mg-37, dýpi 424 m.

Virðist vera á mörkum ólívínþóleiíts og þóleiítbasalts, ófítiskur textúr (mynd 14.30). Talsvert er af málm, líklega ilmenít. Ummyndunin er talsvert misjöfn (mynd 9.9). Nokkuð er af holufyllingum, kalsít, kvars, zeólítar, analsím, epidót finnst (mynd 7.9) og vottur af anhydríti og pyríti (mynd 8.9).

Punnsneið nr 6883, Mg-37, dýpi 440 m.

Myndbreitt meðalgróft til gróft basalt, misjafnlega ummyndað. Einnig eru brotkorn af fínu basalti og brotkorn frá móbergi (mynd 15.30). Plagíóklasdílur í takkylíti eru oft mjög mikið ummyndaðir (mynd 10.9), nokkur ummyndun á plagíóklas sést einnig í grófa basaltinu (mynd 11.9). Töluvert er af holufyllingum, mest kalsít, kvars og vottur af pyríti. Plagíóklasdílarnir eru að ummyndast yfir í kalsít og zeólíta.

Þunnsneið nr 6884, Mg-37, dýpi 460 m.

Dólerít eða ólívínþóleiít (mynd 16.30), nokkur ummyndun í plagíóklas (mynd 12.9), en lítið af holufyllingum, kvars, kalsít, zeólítar og pyrít.

Þunnsneið nr 6885, Mg-37, dýpi 486 m.

Nokkuð örugglega dólerít (mynd 17.30), sumt mjög ummyndað, en flest eru brotkornin af pyroxen og plagíóklasi. Plagíóklasinn er svolítið ummyndaður og eru tvíburamyndanir eyðilagðar, sennilega albitisering. Einnig er eitthvað af zeólítum og á einum stað hefur epidót komið í stað plagíóklas (mynd 13.9). Nær engar holufyllingar nema pyrít, en vottur af kvasi og epidóti.

Þunnsneið nr 6886, Mg-37, dýpi 522 m.

Ummyndað dólerít, mest brotkorn af pyroxen og plagíóklas (mynd 17.30). Plagíóklasinn er svolítið ummyndaður og tvíburamyndun eyðilögð. Lítið er af holufyllingum mest kalsít og vottur af pyríti.

Þunnsneið nr 6887, Mg-37, dýpi 548 m.

Gæti verið plagíóklasdílött ólívínþóleiít en sennilega er þetta dólerítinnskot og þá ólívínþóleiít-dólerít (mynd 14.9 og 19.30). Nær engar holufyllingar en vottur af kalsíti og pyríti.

Þunnsneið nr 6888, Mg-37, dýpi 550 m.

Blönduð brotkorn af dóleríti og ummynduðu ólívínþóleiíti (myndir 20.30 og 21.30). Nær engar holufyllingar en vottur af kvasi, zeólítum og pyríti.

Þunnsneið nr 6889, Mg-37, dýpi 630 m.

Ummynduð og holufyllt móbergsbreksía (mynd 22.30). Verulegur hluti túffdreifikornanna er minni en brotkornastærðin. Holufyllingar mest kvars og kalsít sem einnig er bindiefni í túffinu (sjá mynd 15.9), einnig finnst kvars, zeólítar og pyrít.

Þunnsneið nr 6891, Mg-37, dýpi 726 m.

Mjög ummynduð og holufyllt móbergsbreksía (mynd 23.30). Holufyllingarnar eru mest kalsít, sem einnig kemur í stað glersins. Flest dreifikornin eru stærri en brotkornastærðin og er meginhluti glersins án nokkurra plagíóklaslista, en stöku brotkorn finnast með talsvert miklu af plagíóklaslistum þar sem grunnmassi er smektít og kalsít (mynd 17.9). Prenít finnst með kalsíti (mynd 16.9), og nokkur brotkorn af kvasi og zeólítum og vottur af hematíti.

Þunnsneið nr 6890, Mg-37, dýpi 740 m.

Mjög ummynduð og holufyllt móbergsbreksía. Þetta virðist hafa verið mest sideromelan með lítið af plagíóklaslistum, en talsvert finnst af takkylíti og hlutkristölluðu basalti með mismiklu magni og misstórum plagíóklaslistum (mynd 24.30). Ummyndun: nær allt gler og grunnmassi er ummyndaður yfir í leir og kalsít (mynd 4.31). Holufyllingar eru kalsít, kvars og pyrít.

Þunnsneið nr 6892, Mg-37, dýpi 800 m.

Tvenns konar brotkorn, grófkristölluð basaltbrotkorn, fersk frá dóleríti (mynd 18.9) og misgróf þóleiítbasaltbrotkorn (mynd 25.30). Þessi þóleiítbasaltbrotkorn gætu verið frá kápunni af dólerítinu. Engar holufyllingar nema pyrít.



Punnsneið nr 6893, Mg-37, dýpi 808 m.

Mest mjög fínkristallað þóleiitbasalt (mynd 19.9) sem fer yfir í mjög glerkennt basalt með miklum málm, einnig nokkur brotkorn af grófara þóleiitbasalti og frá móbergi (mynd 26.30). Nokkur ummyndun, holufyllingar kalsít, kvars, zeólítar og pyrít. Einstaka plagióklasdílar, sem eru að ummyndast yfir í kalsít, finnast í fínkristallaða þóleiitinu.

Punnsneið nr 6894, Mg-37, dýpi 842 m.

Aðallega tvenns konar brotkorn. Brotkorn sem eru nokkuð örugglega frá dóleríti, það er mjög grófkristallað basalt með ófítískan textúr og þykkum plagióklaslistum. Einnig eru brotkorn af fremur grófkristölluðu þóleiiti eða jafnvel á mörkum ólívínþóleiits, ólívín sést þó ekki (mynd 27.30). Allt er þetta frekar ferskt með nokkrum holufyllingum af kvasi, zeólítum og pyríti. Dólerítið er eitthvað sprungið, mynd 21.9 sýnir sprungu fyllta með kvasi og kalsíti. Gangaberg?

Punnsneið nr 6895, Mg-37, dýpi 892 m.

Ummyndað fínkristallað þóleiitbasalt, mjög myndbreytt ólívínþóleiit og nokkur fersk brotkorn af grófkristölluðu basalti (mynd 28.30). Holufyllingar kvars, kalsít, pyrít og prenit (mynd 21.9)

Punnsneið nr 6896, Mg-37, dýpi 942 m.

Mest meðalgróf basaltbrotkorn með ófítískan textúr. Talsvert mikið er af málm svo þetta er sennilega á mörkum ólívínþóleiits og þóleiits. Talsvert er einnig af þóleiitbrotkornum (mynd 29.30), sem eru allmjög ummynduð og sum mjög glerkennd og gæti verið breksía eða kargi. Talsvert er af holufyllingum, epidót og prenit eru áberandi (mynd 22.9), auk þess finnst kvars, kalsít, zeólítar, laumontít og pyrít..

Punnsneið nr 6897, Mg-37, dýpi 958 m.

Virðist vera mjög ummynduð og holufyllt móbergsbreksía eða set (myndir 5.31 og 6.31). Holufyllingar eru kvars, epidót og kalsít, prenit og pyrít finnst einnig. Mynd 23.9 sýnir epidót kvars holufyllingu.

Punnsneið nr 6898, Mg-37, dýpi 992 m.

Margskonar brotkorn (myndir 30 og 31.30) meðalgróft til grófkristallað basalt og mjög ferskt, en ummyndun sést sumsstaðar á pyroxen (mynd 24.9). Einnig sést talsvert af mjög fínkristölluðu basalti, svo er mikið af glerkenndu efni með mikla ummyndun (mynd 25.9). Þarna er meðal annars epidót og einnig eru brotkorn af útfellingum, mest kvars og kalsít, epidót finnst einnig og vottur af pyríti.

Punnsneið nr 6899, Mg-37, dýpi 1020 m.

Hugsanlega ummyndað ólívínþóleiit. Ummyndun er mjög misjöfn frá einu brotkorni til annars frá nærri ferskum brotkornum til brotkorna þar sem meginhluti brotkornamassans er ummyndaður en það sést þó að basaltið er með ófítískan textúr (mynd 32.30). Oft er kalsít komið í staðinn fyrir allan grunnmassann og hluta af plagióklasinu einnig (mynd 1.10). Nokkuð er einnig af mjög fínkristölluðu basalti (mynd 2.10), mikið af kvasi er komið í stað grunnmassans í þessu fína basalti. Þetta gæti verið tvö lög, dólerít og ummyndað ólívínþóleiit.

Þunnsneið nr 6900, Mg-37, dýpi 1070 m.

Mjög ummynduð móbergsbreksía, kvars og laumontít virðist að verulegu leyti komið í staðinn fyrir upprunalega glerið ásamt smektíti, talsvert er af kalsíti (mynd 3.10). Holufyllingar kvars, kalsít, zeólítar (laumontít) og pyrít.

Þunnsneið nr 6901, Mg-37, dýpi 1160 m.

Mjög myndbreytt basalt sennilega ólivínþóleiít, einnig finnast fínkristölluð basaltbrotkorn (mynd 33.30). Sums staðar er bæði fínkristallað og grófkristallað basalt í sama brotkorni. Mun meira er af grófkristiölluðu basalti, en fínkristölluðu. Mjög mikil myndbreyting, mikið er af kvarsi, epidóti og kalsíti (mynd 4.10). Kalsítið er komið í staðinn fyrir pyroxen í grunnmassanum og á stöku stað, sérstaklega í því grófkristallaða, í staðinn fyrir plagíóklas. Prenít finnst einnig (mynd 5.10) og einnig er talsvert af sekúnderum málm, pyríti og auk þess málmur sem ekki er af súlfítættinni.

Þunnsneið nr 6902, Mg-37, dýpi 1164 m.

Brotkorn af frekar grófkristölluðu ummynduðu basalti, þar sem grunnmassinn er að mestu leyti horfinn og nokkuð er einnig af mjög fínkristölluðu basalti (mynd 34.30). Holufyllingar kvars, kalsít og mjög mikið af pyríti, svörtu brotkornin á mynd 34.30 eru pyrít. Svipuð sneiðinni fyrir ofan.

Þunnsneið nr 6903, Mg-37, dýpi 1198 m.

Grófkristallað mjög ummyndað basalt og þó eru stöku brotkorn af fersku ólivínþóleiíti (mynd 35.30), sem virðist hafa svipaðan textúr og ummyndaða basaltið. Hugsanlegt er að þetta gæti verið mjög ummyndað ólivínþóleiít eða dólerítgangur. Pyroxenið er yfirleitt ummyndað yfir í kalsít og klórít - illít, hátt tvíbrot. Kalsít og zeólítar (mynd 6.10) hefur að nokkru komið í stað plagíóklass (mynd 19.10). Mikið er af holufyllingarsteindum sem brotkorn, mest kvars, kalsít, prenít, pyrít og jafnvel anhydrit (mynd 18.10).

Þunnsneið nr 6904, Mg-37, dýpi 1240 m.

Tvenns konar brotkorn, ummyndað ólivínþóleiítbasalt (mynd 20.10) og túffkennd brotkorn og/eða mjög fínkristallað basalt (mynd 36.30). Einnig finnast stöku brotkorn með flóðtextúr og basalt með ilmenítnálar. Lítið er af holufyllingum en epidót og pyrít finnst.

Þunnsneið nr 6905, Mg-37, dýpi 1292 m.

Sennilega fremur fínkristallað ólivínþóleiítbasalt, mest með ófítískan textúr (mynd 37.30) og mikið ummyndað. Talsverð ummyndun er af plagíóklasdílum sem hafa ummyndast yfir í zeólíta og kalsít (mynd 21.10). Nokkuð er af holufyllingum, kvars, kalsít og prenít mest áberandi sem brotkorn, einnig er talsvert af pyríti. Mikið er af strúktúrlausum brotkornum sem eru svört, sum þeirra eru að mestu pyrít og einnig talsvert af takkylítísku gleri. Ekki er mikið af málm, nokkur brotkorn eru mjög fínkristölluð með litlu af málm og með flóðtextúr, sennilega ísúrt basalt. Basaltið er að mestu leyti ummyndað yfir í klórít.

Þunnsneið nr 6906, Mg-37, dýpi 1340 m.

Virðist vera mjög ummynduð og holufyllt móbergsbreksía (mynd 22.10). Holufyllingar, mikið af kvarsi, kalsíti og laumontít. Glerið ummyndað yfir í klórít eða smektít og eru nokkur brotkorn sem geta hafa verið ólivínþóleiít (myndir 1.31, 9.31 og 23.10), mjög lítið eftir nema

magnetítið. Það finnast mjög þéttar nálar af sekúnderum málm, sennilega ilmenít. Einnig er mikið af pyríti í allstórum kúpískum kristöllum allt að brotkornastærð.

Þunnsneið nr 6907, Mg-37, dýpi 1364 m.

Virðist vera blönduð brotkorn af móbergsbreksú og ólivínþóleiit brotkornum eða dólerít þar sem brotkorn virðast fersk (mynd 2.11). Þá eru nokkur brotkorn sem hafa lítið af málm, eru fremur fínkristölluð og virðast á mörkum þóleiúts og ólivínþóleiúts (mynd 11.31). Allmikið er af holufyllingum, langmest prenít (mynd 1.11), en einnig finnst nokkuð af kalsíti og pyríti. Erfitt er að átta sig á ummyndun því mest af brotkornunum er svartur strúktúrlaus massi, sneiðin er of þykk.

Þunnsneið nr 6908, Mg-37, dýpi 1398 m.

Mikið af nærri fersku, grófu basalti og vottar fyrir ófítískum textúr (myndir 3.11 og 11.31), en hluti af þessu basalti hefur ummyndast mikið (mynd 4.11). Mjög lítið er af holufyllingum, fá brotkorn af kvarsi, kalsíti og pyríti finnast. Auk þess vottur af epidóti í sambandi við ummyndun plagióklass í mjög umynduðum brotkornum, sem gætu verið frá öðru lagi. Þetta er mjög gangalegt.

Þunnsneið nr 6955, Mg-37, dýpi 1430 m.

Bianda af mis-umynduðu ólivínþóleiiti og breksíubrotkornum (mynd 12.31). Breksíubrotkornin eru strúktúrlaus, væntanlega vegna þess að sneiðin er of þykk. Mikið af holufyllingum, kalsít, prenít, epidót og pyrít.

Þunnsneið nr 6956, Mg-37, dýpi 1460 m.

Mest brotkorn sem eru sennilega frá dóleríti (myndir 5.11 og 13.31), með ferskan pyroxen og breiða plagióklaslista en nokkur brotkorn gætu verið frá ólivínþóleiitbasalti. Nær engar holufyllingar en pyrít finnst.

Þunnsneið nr 6957, Mg-37, dýpi 1500 m.

Nokkuð margs konar brotkorn. Nokkur brotkorn, sem gætu verið frá dólerítinnskoti og í öðru lagi brotkorn, sem gætu verið úr ólivínþóleiiti (mynd 6.11). Mikið er af brotkornum, sem eru mjög umynduð yfir í leirmínerala og gætu jafnvel verið frá breksú, að minnsta kosti er enginn primerstrúktúr eftir (mynd 15.31). Af holufyllingum er mjög mikið, einkum af epidóti, preníti og kvarsi, lítið er af kalsíti og pyríti, sneiðin er of þykk.

Þunnsneið nr 6958, Mg-37, dýpi 1528 m.

Að mestu leyti dólerítbrotkorn sem eru fersk, mikið er af pyroxeni (myndir 7.11 og 16.31). Einnig finnast brotkorn sem eru að mestu leyti úr klóríti og mikið er af brotkornum með stangar- eða nállaga málm. Vottur er af kalsíti, kvarsi, zeólítum, epidóti og pyríti.

Þunnsneið nr 6959, Mg-37, dýpi 1540 m.

Blönduð brotkorn, mest mjög ummyndað gler og ólivínþóleiit (mynd 17.31). Sumt ólivínþóleiit er fremur grófkristallað og ferskt (mynd 8.11). Talsvert er af brotkornum sem eru frá fínkristölluðu basalti með magnetít kristalla og plagióklaslista en grunnmassinn er að mestu horfinn yfir í grænan leir og kalsít (mynd 8.11), svo að líklega hefur þetta verið glerkennt mjög fínkristallað basalt. Mismunandi ummyndun gæti verið vegna mismunandi glermagns. Mikið

er af holufyllingum, mest epidót og kvars, stundum saman (myndir 9.11 og 10.11). Nokkur brotkorn af kalsíti en mikið er af kalsíti sem heild.

Þunnsneið nr 6960, Mg-37, dýpi 1596 m.

Mest af brotkornum, sem eru sennilega þóleiít (mynd 18.31) en þó með nálum af málm, sem gætu verið sekúnterar. Einnig eru nokkur grófkristallaðri brotkorn á mörkum þóleiíts og ólívínþóleiíts (mynd 11.11). Allmikil myndbreyting yfir í kvars, kalsít, epidót prenit og leir. Sömu holufyllingar og pyrít. Sneiðin er of þykk og því erfitt að segja til um ummyndun en það virðast einnig vera brotkorn frá breksíu.

Þunnsneið nr 6961, Mg-37, dýpi 1674 m.

Blandað fínkristallað þóleiít mjög ummyndað (mynd 19.31), magnetítkristallar og plagíóklaslistar sjást (mynd 12.11) og brotkorn af pyroxeni og plagíóklasi, væntanlega frá dóleríti. Sneiðin of þykk. Umyndun í þóleiítinu, bæði leir og kvars komin í stað grunnmassans. Fremur lítið er af holufyllingum, kalsít, nokkur epidótkorn og prenit og spor af pyríti finnst.

Þunnsneið nr 6963, Mg-37, dýpi 1750 m.

Blönduð brotkorn (mynd 20.31) af grófkristölluðu basalti og brotkorn af pyroxen og plagíóklasi, sennilega frá dóleríti, þóleiítbasalti þar sem nokkuð er eftir af grunnmassa pyroxens (mynd 13.11 og 14.11) og svo mjög fínkristallað þóleiít? þar sem málmtextúr er þóleiítískur, og nokkrir plagíóklaslistar, en grunnmassinn er leir og kvars. Nær engar holufyllingar, pyrít finnst. Sneiðin er of þykk.

Þunnsneið nr 6962, Mg-37, dýpi 1720 m.

Mest fersk pyroxen brotkorn (mynd 15.11), grófkristallað basalt, þetta er frá dóleríti. Nokkuð er af mjög ummynduðu basalti sem gæti einnig verið frá dólerítinu (mynd 21.31). Það gæti verið ummyndun í sprungu? Nær ekkert af holufyllingum, eitt kalsítbrotkorn.

Þunnsneið nr 6964, Mg-37, dýpi 1752 m.

Mikið af brotkornum sem erfitt er að sjá nokkurn textúr í. Þó virðist eitthvað eftir af primerum málmtextúr frá þóleiítbasalti (mynd 22.31). Sérstaklega ef notuð er bernhard linsa sést nokkur strúktúr en annars er þetta svartur massi sem lítið sést í gegnum í venjulegu ljósi, sneiðin er of þykk. Þetta er líklega frá móbergslagi (mynd 16.11). Nokkuð er af holufyllingum mest kvars og epidót, og pyrít finnst.

Þunnsneið nr 6965, Mg-37, dýpi 1806 m.

Mjög ummyndað basalt (mynd 23.31), en málmtextúrin (mynd 17.11) gefur til kynna að þetta sé þóleiítbasalt. Umyndunar- og holufyllingarsteindir eru mest klórít, en einnig finnst epidót kvars og kalsít.

Þunnsneið nr 6966, Mg-37, dýpi 1838 m.

Mest fínkristallað þóleiítbasalt ekki mjög ummyndað (myndir 18.11 og 19.11), en nokkur brotkorn sem gætu hafa verið ólívínþóleiít eða dólerít (mynd 25.31). Engar holufyllingar.

Þunnsneið nr 6967, Mg-37, dýpi 1890 m.

Örugglega dólerít, mest af fersku pyroxeni sem brotkorn, málmur plagíóklas (mynd 20.11), nær engar holufyllingar, vottur af epidóti og pyríti.

Punnsneið nr 6968, Mg-37, dýpi 1942 m.

Þrennskona brotkorn. Nokkur þóleiðbrotkorn sem eru á mörkum ólivínþóleiðs og þóleiðs (myndir 22.11 og 23.11) misjafnlega myndbreytt, og svo brotkorn af plagióklas og pyroxen sem eru auðsjáanlega frá dóleríti (mynd 21.11). Þetta er örugglega gangaberg, nær engar holufyllingar en vottur af kalsíti og pyrít.

Punnsneið nr 6969, Mg-37, dýpi 1984 m.

Dólerít fremur ferskt (mynd 24.11). Lítil ummyndun og engar holufyllingar, vottur af pyrít.

## 2.2 Punnsneiðalýsingar frá Mg-19

Punnsneið nr 4080, Mg-19, dýpi 38 m.

Blönduð brotkorn, túffkennd brotkorn sem eru ummynduð í gler. Í stöku brotkornum sjást seteinkenni. Þetta er því frá túffkenndu seti, svo eru brotkorn sem geta verið frá ólivínþóleiði (myndir 25.11 og 26.11). Þetta gæti verið hluti af setinu. Líklega hefur verið borað í gegnum þunnt ólivínþóleiðlag, talsverð ummyndun og holufyllingar af kalsíti, skólesíti og stílbíti.

Punnsneið nr 4081, Mg-19, dýpi 68 m.

Þóleiðbasalt frekar ferskt (mynd 28.11 og nokkur setkorn (mynd 27.11). Það gæti hafa verið borað í gegnum sílt og basaltlag en hugsanlegt er að basaltið sé hluti af setinu. Talsvert er af holufyllingum, kalsít, stílbít, skólesít og pyrít.

Punnsneið nr 4082, Mg-19, dýpi 124 m.

Mest brotkorn sem gætu verið frá ólivínþóleiðbasalti (mynd 30.11). Talsvert af holufyllingum, kalsít, kvars, laumontít og vottur af epidóti finnst (mynd 29.11). Þetta gæti verið frá seti því það finnst tæjur af seti á sumum basaltbrotkornum, einnig nokkur setkorn (mynd 31.11).

Punnsneið nr 4083, Mg-19, dýpi 170 m.

Meðalgrófkristallað til grófkristallað basalt fremur ferskt (mynd 31.11). Þetta er nær alveg hreint ólivínþóleiðlag eða gangur, en töluverð ummyndun er í grunnmassa pyroxens yfir í leir (smektít). Einnig er nokkur ummyndun úr plagióklas yfir í kalsít og zeólíta (myndir 33.11 og 34.11). Nokkuð er af holufyllingum mest zeólíti (mesólít-skólesít, stílbít og laumontít), kvars, kalsíti og epidóti. Búið er að punktelja í sneiðinni, 64% ummyndað ólivínþóleið, 27% leir aðallega ummyndun af pyroxeni í ólivínþóleiði, 7% zeólítar og 2% kvars, kalsít og epidót (myndir 31.11 og 32.11) eru í það litlu magni að það kemur ekki fram í punktálgunni.

Punnsneið nr 4084, Mg-19, dýpi 260 m.

Sneiðin er of þunn. Þetta virðist vera fínkristallað þóleiðbasalt (mynd 1.12).

Punnsneið nr 4085, Mg-19, dýpi 274 m.

Langmest er ummyndaður massi af leir og kalsíti. Sumsstaðar sést móta fyrir plagióklaslistum eins og í mynd 2.12. Þetta er örugglega frá móbergi eða túffkenndu seti. Mikið er af holufyllingum. Búið er að punktelja þessa sneið, 3% ólivínþóleið, 5% takkylít, 58% leir þar sem enginn basaltstrúktúr sést í brotkornum, 14% leir þar sem vottur af basaltstrúktúr sést eins og á mynd 2.12, 16% zeólítar, 4% kvars og 3% kalsít. Zeólítar eru stílbít og skólesít.

Punnisneið nr 4086, Mg-19, dýpi 344 m.

Plagióklasdílótt basalt, fin- til meðalgróft (á mörkum þóleíts og ólívínþóleíts) (mynd 3.12). Plagióklasdílarnir eru oft stærri en brotkornastærðin og eru því oft sem sérstök brokorn. Ummyndun, mestur hluti grunnmassa pyroxens er farinn yfir í leir og kalsít. Plagióklasdílarnir eru sumsstaðar talsvert ummyndaðir yfir í kalsít og zeólíta. Mikið af holufyllingum, mest zeólítar, þar virðist laumontít vera algengastur, kvars og kalsít finnst einnig.

Punnisneið nr 4087, Mg-19, dýpi 372 m.

Blanda af basalti og túffi og hluti túffdreifikornanna er minni en brotkornastærðin (mynd 4.12). Bindiefni er kvars, zeólítar (stílbít) og kalsít. Sumsstaðar er kalsít ráðandi bindiefni. Talsvert mikið er af holufyllingum sem brotkorn, stílbít, kalsít og kvars. Þetta er sennilega túffkennt set þar sem dreifikornastærðin er bæði stærri og minni en brotkornastærðin.

Punnisneið nr 4088, Mg-19, dýpi 460 m.

Mest túff og hlutkristallað basalt þar sem hluti af túffdreifikornunum er minni en brotkornastærðin (mynd 5.12), bindiefnið zeólítar og kalsít. Þetta er setmóberg þar sem meginhluti dreifikornanna er stærri en brotkornastærðin. Talsvert er af holufyllingum, kalsít, skólesít, stílbít, vottur af kvasi og e.t.v. anhydrít (mynd 6.12). Ummyndun, allt gler er orðið vatnað og verulegur hluti þess farinn yfir í smektít og í hlutkristölluðu basalti sjást, plagióklaslistar, annars er allur grunnmassi ummyndaður yfir í leir.

Punnisneið nr 4089, Mg-19, dýpi 504 m.

Blönduð brotkorn, tvennskonar basalt, fínkristallað þóleíttbasalt (mynd 7.12) og nokkur korn af meðalgrófkristölluðu basalti fremur fersku, gæti verið gangaýrur. Mest er af ummynduðu siderómelangleri sem er bæði stærra og minna en brotkornastærðin (mynd 7.12) og nokkuð er af plagióklasiistum í glerinu (mynd 8.12), einkum í takkylítiska glerinu. Talsvert er af holufyllingum, kalsít, kvars, laumontít og vottur af skólesíti.

Punnisneið nr 4090, Mg-19, dýpi 624 m.

Langmest ummyndað siderómelan sem að mestu er stærra en brotkornastærðin (mynd 9.12) og vottur af plagióklasi og pyroxeni. Þetta er mest frá móbergi, einnig eru nokkur korn af fínkristölluðu basalti sem gæti verið frá gangi. Mikið er af holufyllingum, langmest kalsít en einnig finnst kvars, pyrít og laumontít. Ummyndun: aðeins lítill hluti af siderómelanglerinu er farinn yfir í smektít, en allt glerið er þó vatnað, og einnig er talsvert um að glerið sé að ummyndast yfir í kalsít (mynd 10.12). Í þeim örfáu plagióklasdílum sem finnast er bæði ummyndun yfir í kalsít og zeólíta.

Punnisneið nr 4091, Mg-19, dýpi 690 m.

Móbergsbreksía sem samanstendur af blöðróttu siderómelangleri með enga plagióklaslista, dreifikorn eru oftast stærri en brotkornastærðin (mynd 11.12), og kornum sem eru með einhverja plagióklaslista en allur grunnmassi er ummyndaður yfir í leir og kalsít (mynd 12.12). Þetta gæti hafa verið hlutkristallað basalt. Búið er að punktelja þessa sneið. Meginhlutinn er leir (smektít) þar af 30% ummyndað siderómelan með engum plagióklaslistum, en 46% leir í brotkornum sem hafa nokkur basalteinkenni eins og plagióklaslista og í sumum tilfellum magnetít kristalla, 18% kalsít og 5% zeólítar, sem eru mest stílbít. Kvars finnst einnig en það er oft í grunnmassa með kalsíti og smektíti, eitt analsímkorn fannst. Örfá basaltbrotkorn eru en þau eru það fá að þau koma ekki fram í punktalingu.

Punnsneið nr 4092, Mg-19, dýpi 734 m.

Móberg. Það eru nokkuð breytileg brotkorn, nokkuð af setbrotkornum og brotkornum sem geta verið set án þess að það sé mjög skýrt eins og setbrotkornið á mynd 13.12, þar sem dreifikornin eru siderómelan, bindiefnið kvars og kalsít. Þessi sneið hefur verið punkttalin, langmest er leir (smektít) sem er ummyndun af túffi eða túffkenndu seti 50%, leirbrotkorn sem hafa nokkur basalteinkenni 16%, basalt 10%, takkylít 3%, en hluti af takkylítinu er mjög fínkristallað basalt, kalsít 8%, zeólítar 6% mest stilbít og 6% kvars, mest sem bindiefni. Basaltið er af ýmsum gerðum og gæti verið hluti af seti, en mest ber á basalti með ófítískan textúr en ekki mjög grófkristallaðan (mynd 14.12), en dæmigert þóleiit finnst einnig og grófara basalt.

Punnsneið nr 4093, Mg-19, dýpi 784 m.

Mjög blönduð brotkorn mest brotkorn sem eru komin frá móbergi (mynd 15.12). Þessi sneið hefur verið punkttalin, mest er af leir (smektíti) sem er ummyndun af brotkornum frá móbergi 42%, leir sem gæti verið ummyndun af basalti eða hlutkenndu basalti 17%, 8% svart gler, en þetta er bæði takkylít, fínkristallað basalt, magnetít og pyrít, og talsvert af takkylítinu er farið yfir í leir þó að svarti liturinn sjáist, 3% basalt mest meðalgróft (mynd 16.12, talsvert um myndun af kalsíti bæði grunmassa og plagíóklas, 9% er kalsít bæði sem ummyndun og holufylling (brotkorn), 12% zeólítar mest stilbít holufyllingar, 8% kvars mest sem holufyllingar. Auk þessara steinda finnst korn af analsími og pyríti. Þetta er frá millilagi og nokkur brotkorn frá basaltlagi.

Punnsneið nr 4094, Mg-19, dýpi 900 m.

Langmest glerkennd brotkorn mjög ummynduð frá móbergi eða móbergsseti (mynd 17.12). Ummyndun, glerið hefur ummyndast yfir í leir, skólesít og sumsstaðar kvars. Holufyllingar kalsít, laumontít, kvars og epidót.

Punnsneið nr 4095, Mg-19, dýpi 930 m.

Móbergsbreksía með nokkrum basaltbrotkornum, sneiðin er of þunn, næstum óhæf til notkunar. Þetta er mjög líkt berg og frá 900 m (mynd 18.12) og holufyllingar þær sömu en epidót finnst ekki.

Punnsneið nr 4096, Mg-19, dýpi 1010 m.

Greinilega móberg, gæti verið setmóberg (mynd 19.12). Dreifikornin skiptast í tvennt í móberginu, dreifikorn af ummynduðu siderómelani með plagíóklaslista þar sem dreifikorn eru oft minni en brotkornastærðin (1) (mynd 19.12) og í öðru lagi dreifikorn með plagíóklaslista og jafnvel magnetít og nær öll dreifikorn stærri en brotkornastærðin (2) (mynd 20.12). Búið er að punkttelja í þessari sneið. Mest er af leir, þar er ummyndun af (1) 56% og af (2) 22% basalt, 4% mjög umyndað meðalgróft basalt (ólivínþóleiit), kalsít, 10% zeólítar, 5% (laumontít), 3% kvars og pyrít <0,5%.

Punnsneið nr 4097, Mg-19, dýpi 1132 m.

Móberg, langmest ummyndað gler og/eða ummyndað hlutkristallað basalt (mynd 21.12) þar sem eru nokkur basalteinkenni og plagíóklaslistar og magnetít. Meginhluti glersins er stærri en brotkornastærðin, það hefur verið punkttalið í þessari sneið: 30% er ummyndað gler yfir í leir án nokkurra basalteinkenna, 52% ummyndað gler með basalteinkennum, 3% meðalgróft fremur ferskt basalt sennilega frá gangi, 8% kalsít og 7% zeólítar mest stilbít. Ummyndun.

Allt gler hefur að minnsta kosti ummyndast yfir í palagónít og meginhluti glersins hefur ummyndast yfir í leir og kalsít (mynd 21.12) einnig er ummyndun í plagióklas mest í þeim fáu dílum sem finnast og það er kalsít að hluta til komið í stað plagióklass (mynd 21.12). Auk þeirra holufyllinga og ummyndunarsteinda sem áður hafa verið taldar finnst töluvert af pyrít.

Punn sneið nr 4098, Mg-19, dýpi 1231 m.

Blanda af ummynduðu gleri og meðalgrófu basalti (mynd 22.12), basaltið gæti verið gangaýrur í móberginu, auk þess eru nokkur brotkorn af fínkristölluðu basalti. Ummyndun, nærri allt gler er farið yfir í leir og hluti af pyroxen í basaltinu. Holufyllingar eru oftast sem sérstök brotkorn, laumontít og stílbít eru algengust en nokkuð finnst af kvars en þá blandað öðrum holufyllingarsteindum eins og í mynd 23.12 þar sem kvars er með epidóti og pyríti, prenítt finnst og dreif er af pyríti.

Punn sneið nr 4099, Mg-19, dýpi 1386 m.

Þetta er örugglega frá dólerítlagi, um 80% af brotkornum eru frá því. Þetta eru brotkorn af plagióklas, pyroxen og grófu basalti (mynd 1.13). Búið er að punkttelja í þessari sneið, grófkristallað basalt 36%, 19% plagióklas, 8% leir, í basalti 15%, sem er að mestu leyti ummyndun af pyroxen í dóleríti, 3% svart gler sem er að mestu leyti ummyndað takkylít yfir í leir, en einnig er pyrít í þessu, 16% ummyndun af gleri, 2% kalsít og 2% zeólítar. Zeólítarnir eru mest stílbít, en auk þess finnst kvars, prenítt og vottur af epidóti. Ummyndun er sumsstaðar, en verulegur hluti plagióklassins er farinn yfir í zeólíta (mynd 2.13), en eins og áður sagði er nokkur hluti grunnmassa pyroxens farinn yfir í leir og á stöku stað er leir ummyndaður í plagióklas, prenítt og epidót finnst þar sem prenítt virðist vera að koma í stað epidóts.

Punn sneið nr 4100, Mg-19, dýpi 1490 m.

Blönduð brot, mest af grófu basalti örugglega frá dóleríti og fínkristallað plagióklasdíllott basalt fremur ferskt (mynd 3.13 og 4.13). Einnig eru nokkur brotkorn sem geta verið frá túffi eða seti ummynduð yfir í leir. Lítið af holufyllingum, laumontít, kalsít, kvars og prenítt. Ummyndun er svipuð og í sniðinu fyrir ofan.




MYNDIR FRÁ HOLUM


Mg-37 og Mg-19

VIÐBÆTIR I


Skalar




Skali 4 x 1



Skali 4 x 10



Skali 10 x 10



Skali 25 x 10



## VIÐBÆTIR II

Þunnsneiða- og myndaskrá



Punnsn. nr. 6872, Mg-37, dýpi	52 m. Myndir 1-30, 7-10
Punnsn. nr. 6873, Mg-37, dýpi	96 m. Myndir 1-9, 9-10, 10-10, 11-10, 2-30, 8-10
Punnsn. nr. 6874, Mg-37, dýpi	130 m. Myndir 3-30, 13-10, 12-10
Punnsn. nr. 6875, Mg-37, dýpi	158 m. Myndir 14-10, 4-30
Punnsn. nr. 6876, Mg-37, dýpi	176 m. Myndir 4-9, 5-30, 2-9, 3-9
Punnsn. nr. 6877, Mg-37, dýpi	222 m. Myndir 6-30, 5-9, 7-30
Punnsn. nr. 6878, Mg-37, dýpi	258 m. Myndir 10-30, 9-30
Punnsn. nr. 6879, Mg-37, dýpi	296 m. Myndir 11-30, 16-10, 15-10
Punnsn. nr. 6880, Mg-37, dýpi	336 m. Myndir 17-10, 12-30
Punnsn. nr. 6881, Mg-37, dýpi	396 m. Myndir 13-30, 6-9
Punnsn. nr. 6882, Mg-37, dýpi	424 m. Myndir 7-9, 8-9, 9-9, 14-30
Punnsn. nr. 6883, Mg-37, dýpi	440 m. Myndir 10-9, 11-9, 15-30
Punnsn. nr. 6884, Mg-37, dýpi	460 m. Myndir 16-30, 12-9
Punnsn. nr. 6885, Mg-37, dýpi	486 m. Myndir 13-9, 18-30
Punnsn. nr. 6886, Mg-37, dýpi	522 m. Myndir 17-30
Punnsn. nr. 6887, Mg-37, dýpi	548 m. Myndir 19-30, 14-9
Punnsn. nr. 6888, Mg-37, dýpi	550 m. Myndir 20-30, 21-30
Punnsn. nr. 6889, Mg-37, dýpi	630 m. Myndir 22-30, 15-9
Punnsn. nr. 6891, Mg-37, dýpi	726 m. Myndir 16-9, 17-9, 23-30
Punnsn. nr. 6890, Mg-37, dýpi	740 m. Myndir 4-31, 24-30
Punnsn. nr. 6892, Mg-37, dýpi	800 m. Myndir 25-30, 18-9
Punnsn. nr. 6893, Mg-37, dýpi	808 m. Myndir 19-9, 26-30
Punnsn. nr. 6894, Mg-37, dýpi	842 m. Myndir 27-30, 20-9
Punnsn. nr. 6895, Mg-37, dýpi	892 m. Myndir 28-30, 21-9
Punnsn. nr. 6896, Mg-37, dýpi	942 m. Myndir 22-9, 29-30
Punnsn. nr. 6897, Mg-37, dýpi	958 m. Myndir 5-31, 8-31, 23-9, 6-31
Punnsn. nr. 6898, Mg-37, dýpi	992 m. Myndir 30-30, 25-9, 24-9, 31-30
Punnsn. nr. 6899, Mg-37, dýpi	1020 m. Myndir 2-10, 1-10, 32-30
Punnsn. nr. 6900, Mg-37, dýpi	1070 m. Myndir 7-31, 3-10
Punnsn. nr. 6901, Mg-37, dýpi	1160 m. Myndir 5-10, 33-30, 4-10
Punnsn. nr. 6902, Mg-37, dýpi	1164 m. Myndir 34-30
Punnsn. nr. 6903, Mg-37, dýpi	1198 m. Myndir 35-30, 18-10, 19-10, 6-10
Punnsn. nr. 6904, Mg-37, dýpi	1240 m. Myndir 20-10, 36-30
Punnsn. nr. 6905, Mg-37, dýpi	1292 m. Myndir 37-30, 21-10
Punnsn. nr. 6906, Mg-37, dýpi	1340 m. Myndir 23-10, 22-10, 9-31, 1-31
Punnsn. nr. 6907, Mg-37, dýpi	1364 m. Myndir 10-31, 2-11, 2-31, 1-11
Punnsn. nr. 6908, Mg-37, dýpi	1398 m. Myndir 3-11, 11-31, 3-31, 4-11
Punnsn. nr. 6955, Mg-37, dýpi	1430 m. Myndir 12-31
Punnsn. nr. 6956, Mg-37, dýpi	1460 m. Myndir 13-31, 5-11
Punnsn. nr. 6957, Mg-37, dýpi	1500 m. Myndir 6-11, 15-31
Punnsn. nr. 6958, Mg-37, dýpi	1528 m. Myndir 16-31, 7-11
Punnsn. nr. 6959, Mg-37, dýpi	1540 m. Myndir 9-11, 17-31, 8-11, 10-11
Punnsn. nr. 6960, Mg-37, dýpi	1596 m. Myndir 18-31, 11-11
Punnsn. nr. 6961, Mg-37, dýpi	1674 m. Myndir 12-11, 19-31
Punnsn. nr. 6962, Mg-37, dýpi	1720 m. Myndir 21-31, 15-11
Punnsn. nr. 6963, Mg-37, dýpi	1750 m. Myndir 14-11, 20-31, 13-11

- Þunnsn. nr. 6964, Mg-37, dýpi 1752 m. Myndir 22-31, 16-11  
Þunnsn. nr. 6965, Mg-37, dýpi 1806 m. Myndir 17-11, 23-31, 24-31  
Þunnsn. nr. 6966, Mg-37, dýpi 1838 m. Myndir 25-31, 19-11, 18-11  
Þunnsn. nr. 6967, Mg-37, dýpi 1890 m. Myndir 20-11  
Þunnsn. nr. 6968, Mg-37, dýpi 1942 m. Myndir 21-11, 23-11, 22-11  
Þunnsn. nr. 6969, Mg-37, dýpi 1984 m. Myndir 24-11  
Þunnsn. nr. 4080, Mg-19, dýpi 38 m. Myndir 25-11, 26-11  
Þunnsn. nr. 4081, Mg-19, dýpi 68 m. Myndir 27-11, 28-11  
Þunnsn. nr. 4082, Mg-19, dýpi 124 m. Myndir 30-11, 29-11  
Þunnsn. nr. 4083, Mg-19, dýpi 170 m. Myndir 34-11, 33-11, 31-11, 32-11  
Þunnsn. nr. 4084, Mg-19, dýpi 260 m. Myndir 1-12  
Þunnsn. nr. 4085, Mg-19, dýpi 274 m. Myndir 2-12  
Þunnsn. nr. 4086, Mg-19, dýpi 344 m. Myndir 3-12  
Þunnsn. nr. 4087, Mg-19, dýpi 372 m. Myndir 4-12  
Þunnsn. nr. 4088, Mg-19, dýpi 460 m. Myndir 6-12, 5-12  
Þunnsn. nr. 4089, Mg-19, dýpi 504 m. Myndir 8-12, 7-12  
Þunnsn. nr. 4090, Mg-19, dýpi 624 m. Myndir 9-12, 10-12  
Þunnsn. nr. 4091, Mg-19, dýpi 690 m. Myndir 12-12, 11-12  
Þunnsn. nr. 4092, Mg-19, dýpi 734 m. Myndir 14-12, 13-12  
Þunnsn. nr. 4093, Mg-19, dýpi 784 m. Myndir 15-12, 16-12  
Þunnsn. nr. 4094, Mg-19, dýpi 900 m. Myndir 17-12  
Þunnsn. nr. 4095, Mg-19, dýpi 930 m. Myndir 18-12  
Þunnsn. nr. 4096, Mg-19, dýpi 1010 m. Myndir 20-12, 19-12  
Þunnsn. nr. 4097, Mg-19, dýpi 1132 m. Myndir 21-12  
Þunnsn. nr. 4098, Mg-19, dýpi 1231 m. Myndir 23-12, 22-12  
Þunnsn. nr. 4099, Mg-19, dýpi 1386 m. Myndir 1-13, 2-13  
Þunnsn. nr. 4100, Mg-19, dýpi 1490 m. Myndir 4-13, 3-13



VIÐBÆTIR III

Filmu- og myndaskrá

Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
1-9	6873	MG-37	96.0	10 x 10
2-9	6876	MG-37	176.0	4 x 10
3-9	6876	MG-37	176.0	10 x 10
4-9	6876	MG-37	176.0	10 x 10
5-9	6877	MG-37	222.0	4 x 10
6-9	6881	MG-37	396.0	4 x 10
7-9	6882	MG-37	424.0	10 x 10
8-9	6882	MG-37	424.0	10 x 10
9-9	6882	MG-37	424.0	4 x 10
10-9	6883	MG-37	440.0	4 x 10
11-9	6883	MG-37	440.0	4 x 10
12-9	6884	MG-37	460.0	4 x 10
13-9	6885	MG-37	486.0	10 x 10
14-9	6887	MG-37	548.0	4 x 10
15-9	6889	MG-37	630.0	4 x 10
16-9	6891	MG-37	726.0	10 x 10
17-9	6891	MG-37	726.0	4 x 10
18-9	6892	MG-37	800.0	4 x 10
19-9	6893	MG-37	808.0	4 x 10
20-9	6894	MG-37	842.0	10 x 10
21-9	6895	MG-37	892.0	4 x 10
22-9	6896	MG-37	942.0	4 x 10
23-9	6897	MG-37	958.0	10 x 10
24-9	6898	MG-37	992.0	4 x 10
25-9	6898	MG-37	992.0	4 x 10
1-10	6899	MG-37	1020.0	4 x 10
2-10	6899	MG-37	1020.0	4 x 10
3-10	6900	MG-37	1070.0	4 x 10
4-10	6901	MG-37	1160.0	4 x 10
5-10	6901	MG-37	1160.0	4 x 10
6-10	6903	MG-37	1198.0	4 x 10
7-10	6872	MG-37	52.0	4 x 10
8-10	6873	MG-37	96.0	10 x 10
9-10	6873	MG-37	96.0	10 x 10
10-10	6873	MG-37	96.0	10 x 10
11-10	6873	MG-37	96.0	4 x 10
12-10	6874	MG-37	130.0	4 x 10
13-10	6874	MG-37	130.0	10 x 10
14-10	6875	MG-37	158.0	4 x 10

Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
15-10	6879	MG-37	296.0	4 x 10
16-10	6879	MG-37	296.0	10 x 10
17-10	6880	MG-37	336.0	4 x 10
18-10	6903	MG-37	1198.0	10 x 10
19-10	6903	MG-37	1198.0	10 x 10
20-10	6904	MG-37	1240.0	4 x 10
21-10	6905	MG-37	1292.0	4 x 10
22-10	6906	MG-37	1340.0	4 x 10
23-10	6906	MG-37	1340.0	4 x 10
1-11	6907	MG-37	1364.0	10 x 10
2-11	6907	MG-37	1364.0	4 x 10
3-11	6908	MG-37	1398.0	4 x 10
4-11	6908	MG-37	1398.0	4 x 10
5-11	6956	MG-37	1460.0	4 x 10
6-11	6957	MG-37	1500.0	4 x 10
7-11	6958	MG-37	1528.0	4 x 10
8-11	6959	MG-37	1540.0	4 x 10
9-11	6959	MG-37	1540.0	10 x 10
10-11	6959	MG-37	1540.0	10 x 10
11-11	6960	MG-37	1596.0	4 x 10
12-11	6961	MG-37	1674.0	4 x 10
13-11	6963	MG-37	1750.0	4 x 10
14-11	6963	MG-37	1750.0	10 x 10
15-11	6962	MG-37	1720.0	4 x 10
16-11	6964	MG-37	1752.0	4 x 10
17-11	6965	MG-37	1806.0	4 x 10
18-11	6966	MG-37	1838.0	4 x 10
19-11	6966	MG-37	1838.0	4 x 10
20-11	6967	MG-37	1890.0	4 x 10
21-11	6968	MG-37	1942.0	4 x 10
22-11	6968	MG-37	1942.0	10 x 10
23-11	6968	MG-37	1942.0	10 x 10
24-11	6969	MG-37	1984.0	4 x 10
25-11	4080	MG-19	38.0	4 x 10
26-11	4080	MG-19	38.0	4 x 10
27-11	4081	MG-19	68.0	4 x 10
28-11	4081	MG-19	68.0	4 x 10
29-11	4082	MG-19	124.0	4 x 10
30-11	4082	MG-19	124.0	4 x 10

Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
31-11	4083	MG-19	170.0	4 x 10
32-11	4083	MG-19	170.0	4 x 10
33-11	4083	MG-19	170.0	10 x 10
34-11	4083	MG-19	170.0	10 x 10
1-12	4084	MG-19	260.0	4 x 10
2-12	4085	MG-19	274.0	4 x 10
3-12	4086	MG-19	344.0	4 x 10
4-12	4087	MG-19	372.0	4 x 10
5-12	4088	MG-19	460.0	4 x 10
6-12	4088	MG-19	460.0	10 x 10
7-12	4089	MG-19	504.0	4 x 10
8-12	4089	MG-19	504.0	4 x 10
9-12	4090	MG-19	624.0	4 x 10
10-12	4090	MG-19	624.0	4 x 10
11-12	4091	MG-19	690.0	4 x 10
12-12	4091	MG-19	690.0	4 x 10
13-12	4092	MG-19	734.0	4 x 10
14-12	4092	MG-19	734.0	4 x 10
15-12	4093	MG-19	784.0	4 x 10
16-12	4093	MG-19	784.0	4 x 10
17-12	4094	MG-19	900.0	4 x 10
18-12	4095	MG-19	930.0	4 x 10
19-12	4096	MG-19	1010.0	4 x 10
20-12	4096	MG-19	1010.0	4 x 10
21-12	4097	MG-19	1132.0	4 x 10
22-12	4098	MG-19	1231.0	4 x 10
23-12	4098	MG-19	1231.0	4 x 10
1-13	4099	MG-19	1386.0	4 x 10
2-13	4099	MG-19	1386.0	10 x 10
3-13	4100	MG-19	1490.0	4 x 10
4-13	4100	MG-19	1490.0	10 x 10
5-13	4916	MG-28	1286.0	4 x 10
6-13	4917	MG-28	1394.0	4 x 10
7-13	4863	MG-28	1442.0	4 x 10
8-13	4864	MG-28	1500.0	10 x 10
9-13	4864	MG-28	1500.0	4 x 10
10-13	4865	MG-28	1574.0	4 x 10
11-13	4866	MG-28	1594.0	4 x 10

Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
12-13	4868	MG-28	1602.0	4 x 10
13-13	4869	MG-28	1656.0	4 x 10
14-13	4871	MG-28	1698.0	4 x 10
15-13	4870	MG-28	1696.0	4 x 10
16-13	4872	MG-28	1700.0	4 x 10
17-13	4873	MG-28	1802.0	4 x 10
18-13	4873	MG-28	1802.0	4 x 10
19-13	4874	MG-28	1848.0	4 x 10
20-13	4875	MG-28	1874.0	4 x 10
21-13	4875	MG-28	1874.0	10 x 10
22-13	4875	MG-28	1874.0	4 x 10
23-13	4876	MG-28	1902.0	4 x 10
24-13	4876	MG-28	1902.0	4 x 10
1-14	4877	MG-28	1950.0	10 x 10
2-14	4877	MG-28	1950.0	4 x 10
3-14	4878	MG-28	1986.0	4 x 10
4-14	4879	MG-28	1998.0	4 x 10
5-14	4879	MG-28	1998.0	4 x 10
6-14	4879	MG-28	1998.0	4 x 10
7-14	4173	MG-21	26.0	4 x 10
8-14	4174	MG-21	66.0	4 x 10
9-14	4174	MG-21	66.0	4 x 10
10-14	4175	MG-21	144.0	4 x 10
11-14	4176	MG-21	196.0	4 x 10
12-14	4176	MG-21	196.0	4 x 10
13-14	4176	MG-21	196.0	4 x 10
14-14	4176	MG-21	196.0	10 x 10
15-14	4177	MG-21	316.0	4 x 10
16-14	4177	MG-21	316.0	4 x 10
17-14	4178	MG-21	402.0	4 x 10
18-14	4184	MG-21	480.0	4 x 10
19-14	4184	MG-21	480.0	4 x 10
20-14	4185	MG-21	596.0	4 x 10
21-14	4186	MG-21	732.0	4 x 10
22-14	4186	MG-21	732.0	4 x 10
23-14	4187	MG-21	832.0	4 x 10
1-15	4188	MG-21	988.0	4 x 10
2-15	4189	MG-21	1082.0	4 x 10



Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
3-15	4189	MG-21	1082.0	4 x 10
4-15	4191	MG-21	1322.0	4 x 10
5-15	4191	MG-21	1322.0	4 x 10
6-15	4191	MG-21	1322.0	4 x 10
7-15	4192	MG-21	1374.0	4 x 10
8-15	4193	MG-21	1446.0	10 x 10
9-15	4194	MG-21	1484.0	4 x 10
10-15	4121	MG-21	1562.0	4 x 10
11-15	4222	MG-21	1628.0	4 x 10
12-15	4223	MG-21	1702.0	4 x 10
13-15	4286	MG-21	1766.0	4 x 10
14-15	5933	MG-32	58.0	4 x 10
15-15	5934	MG-32	120.0	4 x 10
16-15	5935	MG-32	184.0	4 x 10
17-15	5936	MG-32	214.0	4 x 10
18-15	5936	MG-32	214.0	4 x 10
19-15	5936	MG-32	214.0	4 x 10
20-15	5939	MG-32	340.0	4 x 10
21-15	5939	MG-32	340.0	4 x 10
22-15	5941	MG-32	472.0	4 x 10
23-15	5941	MG-32	472.0	4 x 10
24-15	5941	MG-32	472.0	4 x 10
25-15	5942	MG-32	502.0	4 x 10
26-15	5943	MG-32	534.0	4 x 10
27-15	5943	MG-32	534.0	4 x 10
28-15	5944	MG-32	562.0	4 x 10
29-15	5945	MG-32	580.0	4 x 10
30-15	5945	MG-32	580.0	4 x 10
31-15	5946	MG-32	640.0	4 x 10
32-15	5946	MG-32	640.0	4 x 10
33-15	5947	MG-32	666.0	4 x 10
34-15	5948	MG-32	682.0	4 x 10
35-15	5948	MG-32	682.0	4 x 10
36-15	5949	MG-32	704.0	4 x 10
37-15	5949	MG-32	704.0	4 x 10
1-16	5950	MG-32	808.0	4 x 10
2-16	5951	MG-32	844.0	4 x 10
3-16	5952	MG-32	870.0	4 x 10
4-16	5953	MG-32	910.0	4 x 10

Mynd nr:	Þunn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
5-16	5953	MG-32	910.0	10 x 10
6-16	5954	MG-32	986.0	25 x 10
7-16	5955	MG-32	1044.0	4 x 10
8-16	5955	MG-32	1044.0	4 x 10
9-16	5956	MG-32	1108.0	4 x 10
10-16	5956	MG-32	1108.0	10 x 10
11-16	5957	MG-32	1176.0	4 x 10
12-16	5958	MG-32	1228.0	4 x 10
13-16	5014	MG-29	26.0	4 x 10
14-16	5014	MG-29	26.0	4 x 10
15-16	5015	MG-29	60.0	4 x 10
16-16	5016	MG-29	140.0	4 x 10
17-16	5018	MG-29	284.0	4 x 10
18-16	5019	MG-29	350.0	4 x 10
19-16	5020	MG-29	390.0	4 x 10
20-16	5021	MG-29	404.0	4 x 10
21-16	5022	MG-29	436.0	4 x 10
22-16	5023	MG-29	496.0	4 x 10
23-16	5024	MG-29	506.0	4 x 10
24-16	5025	MG-29	554.0	4 x 10
1-17	5026	MG-29	582.0	4 x 10
2-17	5026	MG-29	582.0	4 x 10
3-17	5027	MG-29	620.0	4 x 10
4-17	5028	MG-29	720.0	4 x 10
5-17	5028	MG-29	720.0	4 x 10
6-17	5029	MG-29	790.0	4 x 10
7-17	5029	MG-29	790.0	4 x 10
8-17	5029	MG-29	790.0	10 x 10
9-17	5030	MG-29	852.0	4 x 10
10-17	5030	MG-29	852.0	10 x 10
11-17	5031	MG-29	940.0	4 x 10
12-17	5032	MG-29	1032.0	4 x 10
13-17	5033	MG-29	1116.0	4 x 10
14-17	5033	MG-29	1116.0	10 x 10
15-17	5034	MG-29	1176.0	4 x 10
16-17	5034	MG-29	1176.0	4 x 10
17-17	5035	MG-29	1202.0	4 x 10
18-17	5036	MG-29	1260.0	4 x 10
19-17	5036	MG-29	1260.0	4 x 10

Mynd nr:	Punn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
20-17	5037	MG-29	1290.0	4 x 10
21-17	5037	MG-29	1290.0	4 x 10
22-17	5038	MG-29	1314.0	4 x 10
1-18	5039	MG-29	1355.0	4 x 10
2-18	6045	MG-34	50.0	4 x 10
3-18	6046	MG-34	96.0	4 x 10
4-18	6047	MG-34	187.0	4 x 10
5-18	6048	MG-34	220.0	4 x 10
6-18	6049	MG-34	298.0	4 x 10
7-18	6049	MG-34	298.0	4 x 10
8-18	6050	MG-34	398.0	4 x 10
9-18	6050	MG-34	398.0	4 x 10
10-18	6051	MG-34	410.0	4 x 10
11-18	6052	MG-34	496.0	4 x 10
12-18	6053	MG-34	540.0	4 x 10
13-18	6054	MG-34	592.0	4 x 10
14-18	6190	MG-34	620.0	4 x 10
15-18	6190	MG-34	620.0	4 x 10
16-18	6191	MG-34	640.0	4 x 10
17-18	6192	MG-34	698.0	10 x 10
18-18	6193	MG-34	832.0	10 x 10
19-18	6193	MG-34	832.0	10 x 10
20-18	6194	MG-34	970.0	4 x 10
21-18	6195	MG-34	1042.0	4 x 10
22-18	6196	MG-34	1104.0	4 x 10
23-18	6197	MG-34	1148.0	4 x 10
24-18	6197	MG-34	1148.0	4 x 10
25-18	6198	MG-34	1160.0	4 x 10
1-19	6199	MG-34	1200.0	4 x 10
2-19	6200	MG-34	1276.0	4 x 10
3-19	6200	MG-34	1276.0	4 x 10
4-19	6201	MG-34	1320.0	4 x 10
5-19	6202	MG-34	1342.0	4 x 10
6-19	6202	MG-34	1342.0	10 x 10
7-19	6204	MG-34	1420.0	4 x 10
8-19	6204	MG-34	1420.0	4 x 10
9-19	6205	MG-34	1444.0	4 x 10
10-19	6206	MG-34	1504.0	4 x 10

Mynd nr:	Þunn sneið	Hola	Dýpi m	Stækkun
11-19	6207	MG-34	1582.0	4 x 10
12-19	6208	MG-34	1632.0	4 x 10
13-19	6209	MG-34	1664.0	4 x 10
14-19	6210	MG-34	1690.0	4 x 10
15-19	6211	MG-34	1774.0	4 x 10
16-19	6212	MG-34	1822.0	4 x 10
17-19	6212	MG-34	1822.0	4 x 10
18-19	6213	MG-34	1826.0	4 x 10
19-19	6213	MG-34	1826.0	4 x 10
20-19	6214	MG-34	1904.0	4 x 10
21-19	6984	MG-36	332.0	4 x 10
22-19	6984	MG-36	332.0	4 x 10
23-19	6984	MG-36	332.0	4 x 10
24-19	6985	MG-36	420.0	4 x 10
25-19	6985	MG-36	420.0	4 x 10
1-20	6985	MG-36	420.0	4 x 10
2-20	6986	MG-36	438.0	4 x 10
3-20	6987	MG-36	508.0	4 x 10
4-20	6988	MG-36	828.0	4 x 10
5-20	6989	MG-36	856.0	4 x 10
6-20	6989	MG-36	856.0	10 x 10
7-20	6990	MG-36	944.0	4 x 10
8-20	6991	MG-36	994.0	4 x 10
9-20	6992	MG-36	1236.0	4 x 10
10-20	6993	MG-36	1570.0	4 x 10
11-20	7089	MG-38	58.0	4 x 10
12-20	7090	MG-38	84.0	4 x 10
13-20	7091	MG-38	120.0	4 x 10
14-20	7092	MG-38	194.0	4 x 10
15-20	7093	MG-38	210.0	4 x 10
16-20	7094	MG-38	256.0	4 x 10
17-20	7094	MG-38	256.0	4 x 10
18-20	7095	MG-38	310.0	4 x 10
19-20	7095	MG-38	310.0	10 x 10
20-20	7096	MG-38	430.0	4 x 10
Þunnsneið nr 6986, Mg-36, dýpi 438 m.

Mest misummyndað þóleiðbasalt (mynd 2.20) með dreifðum plagióklasdílum, miklum málmum, magnetíti sem er ekki einkennandi fyrir þóleiðbasalt, málmkornin eru ekki vel köntuð og eru oft svolítið tannlaga, ilmenít. Nokkur brotkorn sem gætu verið úr ólivínþoleiði eða dóleríti. Holufyllingar mest kalsít og kvars. Ummyndun grunnmassa er misjafnlega mikil, sums staðar er allur grunnmassi farinn yfir í leir, einnig er nokkur ummyndun í plagióklasdílum, þar virðast zeólítar koma í stað plagióklass.

Þunnsneið nr 6987, Mg-36, dýpi 508 m.

Dólerítbrotkorn, lítið ummynduð (mynd 3.20). Nær ekkert af holufyllingum, vottur af kalsíti, kvarsi og pyríti. Pyroxen er mikið ummyndað í stöku brotkornum.

Þunnsneið nr 6988, Mg-36, dýpi 828 m.

Ummynduð móbergsbreksía þar sem dreifikornastærðin er bæði stærri og minni en brotkornastærðin. Þar sem hún er minni er bindiefnið kalsít og kvars (mynd 4.20). Þessar steindir eru einnig aðal holufyllingar steindarinnar, auk þess er talsvert af pyríti. Ummyndun, stór hluti glersins er farinn yfir í brúnleitan leir, auk þess sést votta fyrir hematíti í ummyndun af takkylíti.

Þunnsneið nr 6989, Mg-36, dýpi 856 m.

Fremur grófkristallað basalt með ófítískan textúr (mynd 5.20) og ekki mjög mikið af málmum, sennilega er þetta ólivínþoleið eða á mörkum ólivínþoleiðs og dóleríts, gæti verið gangur. Ummyndun er misjöfn frá einu brotkorni til annars, það finnast alveg fersk brotkorn og einnig þar sem verulegur hluti pyroxens er farinn yfir í leir. Einnig finnst ummyndun í plagióklas eins og á mynd 6.21 þar sem kalsít hefur komið í stað plagióklasins. Mjög lítið af holufyllingum, vottur af kalsíti.

Þunnsneið nr 6990, Mg-36, dýpi 944 m.

Ferskt, gróft dólerít (mynd 7.20) engar holufyllingar.

Þunnsneið nr 6991, Mg-36, dýpi 994 m.

Mjög fínkristallað ummyndað basalt (mynd 8.20) eða ísúrt hraun, gæti verið plagióklasnalar með straumlaga strúktúr. Mikið af málmum, oft ílangar stengur, sennilega sekúnderar. Einnig er málmur sem gæti verið magnetít, þá er einnig grófkristallað þóleiðbasalt. Talsvert er af holufyllingum, einkum kvars og kalsít, prenit og pyrít.

Punnsneið nr 6992, Mg-36, dýpi 1236 m.

Settúff þar sem dreifikornastærðin er bæði minni og stærri en brotkornastærðin, bindiefnið mest kvars en kalsít finnst einnig (mynd 9.20). Sömu steindir eru einnig eða holufyllingar steindarinnar, auk þess er talsvert af pyrít.

Punnsneið nr 6993, Mg-36, dýpi 1570 m.

Svarfið er mjög blandað, mest af meðalgrófu basalti misjafnlega ummynduðu (mynd 10.20). Einnig er talsvert af fínkristölluðu ummynduðu basalti þar sem allur grunnmassinn er farinn yfir í leir og túff, brotkorn finnast, einnig töluvert af holufyllingum, kvars, kalsít, epidót og pyrít.




MYNDIR FRÁ HOLUM


Mg-28, Mg-5, Mg-21, Mg-32 og Mg-36

VIÐBÆTIR I


Skalar




Skali 4 x 1



Skali 4 x 10



Skali 10 x 10



Skali 25 x 10

## VIÐBÆTIR II

Þunnsneiða- og myndaskrá

- Punnsn. nr. 4900, Mg-28, dýpi 28 m. Myndir 7-29, 6-29  
Punnsn. nr. 4901, Mg-28, dýpi 108 m. Myndir 8-29  
Punnsn. nr. 4902, Mg-28, dýpi 178 m. Myndir 9-29  
Punnsn. nr. 4903, Mg-28, dýpi 244 m. Myndir 10-29  
Punnsn. nr. 4904, Mg-28, dýpi 306 m. Myndir 11-29  
Punnsn. nr. 4905, Mg-28, dýpi 320 m. Myndir 12-29  
Punnsn. nr. 4906, Mg-28, dýpi 378 m. Myndir 13-29, 14-29, 15-29  
Punnsn. nr. 4907, Mg-28, dýpi 460 m. Myndir 16-29  
Punnsn. nr. 4908, Mg-28, dýpi 498 m. Myndir 17-29  
Punnsn. nr. 4909, Mg-28, dýpi 562 m. Myndir 18-29  
Punnsn. nr. 4910, Mg-28, dýpi 708 m. Myndir 19-29  
Punnsn. nr. 4911, Mg-28, dýpi 718 m. Myndir 20-29  
Punnsn. nr. 4912, Mg-28, dýpi 786 m. Myndir 21-29  
Punnsn. nr. 4913, Mg-28, dýpi 902 m. Myndir 22-29  
Punnsn. nr. 4914, Mg-28, dýpi 996 m. Myndir 23-29  
Punnsn. nr. 4915, Mg-28, dýpi 1162 m. Myndir 24-29  
Punnsn. nr. 4916, Mg-28, dýpi 1286 m. Myndir 5-13  
Punnsn. nr. 4917, Mg-28, dýpi 1394 m. Myndir 6-13  
Punnsn. nr. 4863, Mg-28, dýpi 1442 m. Myndir 7-13  
Punnsn. nr. 4864, Mg-28, dýpi 1500 m. Myndir 9-13, 8-13  
Punnsn. nr. 4865, Mg-28, dýpi 1574 m. Myndir 10-13  
Punnsn. nr. 4866, Mg-28, dýpi 1594 m. Myndir 11-13  
Punnsn. nr. 4867, Mg-28, dýpi 1596 m. Myndir 25-34  
Punnsn. nr. 4868, Mg-28, dýpi 1602 m. Myndir 12-13, 24-34  
Punnsn. nr. 4869, Mg-28, dýpi 1656 m. Myndir 9-34, 13-13  
Punnsn. nr. 4870, Mg-28, dýpi 1696 m. Myndir 10-34, 15-13  
Punnsn. nr. 4871, Mg-28, dýpi 1698 m. Myndir 11-34, 14-13  
Punnsn. nr. 4872, Mg-28, dýpi 1700 m. Myndir 12-34, 16-13  
Punnsn. nr. 4873, Mg-28, dýpi 1802 m. Myndir 13-34, 17-13, 18-13  
Punnsn. nr. 4874, Mg-28, dýpi 1848 m. Myndir 15-34, 19-13  
Punnsn. nr. 4875, Mg-28, dýpi 1874 m. Myndir 14-34, 21-13, 22-13, 20-13  
Punnsn. nr. 4876, Mg-28, dýpi 1902 m. Myndir 16-34, 24-13, 23-13  
Punnsn. nr. 4877, Mg-28, dýpi 1950 m. Myndir 17-34, 1-14, 2-14  
Punnsn. nr. 4878, Mg-28, dýpi 1986 m. Myndir 18-34, 3-14  
Punnsn. nr. 4879, Mg-28, dýpi 1998 m. Myndir 19-34, 6-14, 4-14, 5-14  
Punnsn. nr. 4880, Mg-28, dýpi 2002 m. Myndir 22-34  
Punnsn. nr. 4882, Mg-28, dýpi 2014 m. Myndir 21-34, 25-29  
Punnsn. nr. 4883, Mg-28, dýpi 2036 m. Myndir 27-29, 23-34, 26-29  
Punnsn. nr. 4881, Mg-28, dýpi 2040 m. Myndir 20-34  
Punnsn. nr. 6506, Mg-5, dýpi 160 m. Myndir 1-32  
Punnsn. nr. 6507, Mg-5, dýpi 184 m. Myndir 3-32, 2-32  
Punnsn. nr. 1788, Mg-5, dýpi 280 m. Myndir 4-32, 5-32  
Punnsn. nr. 1789, Mg-5, dýpi 300 m. Myndir 6-32  
Punnsn. nr. 6508, Mg-5, dýpi 400 m. Myndir 7-32  
Punnsn. nr. 6509, Mg-5, dýpi 460 m. Myndir 8-32  
Punnsn. nr. 6510, Mg-5, dýpi 500 m. Myndir 9-32



- Punnsn. nr. 6511, Mg-5 , dýpi 540 m. Myndir 10-32, 11-32  
Punnsn. nr. 6512, Mg-5 , dýpi 560 m. Myndir 12-32  
Punnsn. nr. 6513, Mg-5 , dýpi 640 m. Myndir 13-32  
Punnsn. nr. 6514, Mg-5 , dýpi 680 m. Myndir 14-32, 15-32  
Punnsn. nr. 6515, Mg-5 , dýpi 740 m. Myndir 16-32  
Punnsn. nr. 6516, Mg-5 , dýpi 860 m. Myndir 17-32  
Punnsn. nr. 6517, Mg-5 , dýpi 880 m. Myndir 19-32, 18-32  
Punnsn. nr. 6518, Mg-5 , dýpi 960 m. Myndir 20-32, 21-32  
Punnsn. nr. 6519, Mg-5 , dýpi 1000 m. Myndir 22-32  
Punnsn. nr. 6520, Mg-5 , dýpi 1020 m. Myndir 23-32  
Punnsn. nr. 6521, Mg-5 , dýpi 1080 m. Myndir 24-32  
Punnsn. nr. 1790, Mg-5 , dýpi 1100 m. Myndir 25-32  
Punnsn. nr. 1791, Mg-5 , dýpi 1112 m. Myndir 1-33, 2-33  
Punnsn. nr. 1792, Mg-5 , dýpi 1128 m. Myndir 3-33  
Punnsn. nr. 1793, Mg-5 , dýpi 1196 m. Myndir 6-33, 7-33  
Punnsn. nr. 1794, Mg-5 , dýpi 1250 m. Myndir 8-33  
Punnsn. nr. 1795, Mg-5 , dýpi 1326 m. Myndir 9-33, 10-33  
Punnsn. nr. 1798, Mg-5 , dýpi 1452 m. Myndir 13-33  
Punnsn. nr. 1800, Mg-5 , dýpi 1520 m. Myndir 15-33  
Punnsn. nr. 1792, Mg-5 , dýpi 1128 m. Myndir 4-33, 5-33  
Punnsn. nr. 1795, Mg-5 , dýpi 1326 m. Myndir 11-33  
Punnsn. nr. 1796, Mg-5 , dýpi 1360 m. Myndir 12-33  
Punnsn. nr. 1798, Mg-5 , dýpi 1452 m. Myndir 14-33  
Punnsn. nr. 1801, Mg-5 , dýpi 1565 m. Myndir 16-33  
Punnsn. nr. 4173, Mg-21, dýpi 26 m. Myndir 7-14  
Punnsn. nr. 4174, Mg-21, dýpi 66 m. Myndir 9-14, 8-14  
Punnsn. nr. 4175, Mg-21, dýpi 144 m. Myndir 10-14  
Punnsn. nr. 4176, Mg-21, dýpi 196 m. Myndir 12-14, 14-14, 13-14, 11-14  
Punnsn. nr. 4177, Mg-21, dýpi 316 m. Myndir 15-14, 16-14  
Punnsn. nr. 4178, Mg-21, dýpi 402 m. Myndir 17-14  
Punnsn. nr. 4184, Mg-21, dýpi 480 m. Myndir 19-14, 18-14  
Punnsn. nr. 4185, Mg-21, dýpi 596 m. Myndir 20-14  
Punnsn. nr. 4186, Mg-21, dýpi 732 m. Myndir 21-14, 22-14  
Punnsn. nr. 4187, Mg-21, dýpi 832 m. Myndir 1-34, 23-14  
Punnsn. nr. 4188, Mg-21, dýpi 988 m. Myndir 2-34, 1-15  
Punnsn. nr. 4189, Mg-21, dýpi 1082 m. Myndir 3-34, 2-15, 3-15  
Punnsn. nr. 4191, Mg-21, dýpi 1322 m. Myndir 4-34, 5-15, 6-15, 4-15  
Punnsn. nr. 4192, Mg-21, dýpi 1374 m. Myndir 5-34, 7-15  
Punnsn. nr. 4193, Mg-21, dýpi 1446 m. Myndir 6-34, 8-15  
Punnsn. nr. 4194, Mg-21, dýpi 1484 m. Myndir 9-15  
Punnsn. nr. 4121, Mg-21, dýpi 1562 m. Myndir 7-34, 10-15  
Punnsn. nr. 4222, Mg-21, dýpi 1628 m. Myndir 11-15  
Punnsn. nr. 4223, Mg-21, dýpi 1702 m. Myndir 8-34, 12-15  
Punnsn. nr. 4286, Mg-21, dýpi 1766 m. Myndir 13-15  
Punnsn. nr. 5933, Mg-32, dýpi 58 m. Myndir 14-15  
Punnsn. nr. 5934, Mg-32, dýpi 120 m. Myndir 15-15

- Punnsn. nr. 5935, Mg-32, dýpi 184 m. Myndir 16-15  
Punnsn. nr. 5936, Mg-32, dýpi 214 m. Myndir 19-15, 18-15, 17-15  
Punnsn. nr. 5939, Mg-32, dýpi 340 m. Myndir 21-15, 20-15  
Punnsn. nr. 5941, Mg-32, dýpi 472 m. Myndir 22-15, 23-15, 24-15  
Punnsn. nr. 5942, Mg-32, dýpi 502 m. Myndir 25-15  
Punnsn. nr. 5943, Mg-32, dýpi 534 m. Myndir 27-15, 26-15  
Punnsn. nr. 5944, Mg-32, dýpi 562 m. Myndir 28-15  
Punnsn. nr. 5945, Mg-32, dýpi 580 m. Myndir 30-15, 29-15  
Punnsn. nr. 5946, Mg-32, dýpi 640 m. Myndir 31-15, 32-15  
Punnsn. nr. 5947, Mg-32, dýpi 666 m. Myndir 33-15  
Punnsn. nr. 5948, Mg-32, dýpi 682 m. Myndir 35-15, 34-15  
Punnsn. nr. 5949, Mg-32, dýpi 704 m. Myndir 36-15, 37-15  
Punnsn. nr. 5950, Mg-32, dýpi 808 m. Myndir 1-16  
Punnsn. nr. 5951, Mg-32, dýpi 844 m. Myndir 2-16  
Punnsn. nr. 5952, Mg-32, dýpi 870 m. Myndir 3-16  
Punnsn. nr. 5953, Mg-32, dýpi 910 m. Myndir 5-16, 4-16  
Punnsn. nr. 5954, Mg-32, dýpi 986 m. Myndir 6-16  
Punnsn. nr. 5955, Mg-32, dýpi 1044 m. Myndir 8-16, 7-16  
Punnsn. nr. 5956, Mg-32, dýpi 1108 m. Myndir 9-16, 10-16  
Punnsn. nr. 5957, Mg-32, dýpi 1176 m. Myndir 11-16  
Punnsn. nr. 5958, Mg-32, dýpi 1228 m. Myndir 12-16  
Punnsn. nr. 6984, Mg-36, dýpi 332 m. Myndir 21-19, 23-19, 22-19  
Punnsn. nr. 6985, Mg-36, dýpi 420 m. Myndir 25-19, 1-20, 24-19  
Punnsn. nr. 6986, Mg-36, dýpi 438 m. Myndir 2-20  
Punnsn. nr. 6987, Mg-36, dýpi 508 m. Myndir 3-20  
Punnsn. nr. 6988, Mg-36, dýpi 828 m. Myndir 4-20  
Punnsn. nr. 6989, Mg-36, dýpi 856 m. Myndir 6-20, 5-20  
Punnsn. nr. 6990, Mg-36, dýpi 944 m. Myndir 7-20  
Punnsn. nr. 6991, Mg-36, dýpi 994 m. Myndir 8-20  
Punnsn. nr. 6992, Mg-36, dýpi 1236 m. Myndir 9-20  
Punnsn. nr. 6993, Mg-36, dýpi 1570 m. Myndir 10-20

**Punnsneiðalýsingar og myndir frá holum  
á Norður-Reykjum og Helgadal**

**Hefi 3**

**Holur Mg-34, Mg-29, Mg-38 og Mg-33**

Jens Tómasson

Samvinnuverk Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar

OS-93050/JHD-27 B

Október 1993

## EFNISYFIRLIT

1. ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR	3
1.1 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-34	3
1.2 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-29	6
1.3 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-38	10
1.4 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-33	14
 MYNDIR FRÁ HOLUM Mg-34, Mg-29, Mg-38 og Mg-33	 21
VIÐBÆTIR I. Skalar	69
VIÐBÆTIR II. Mynda- og filmuskrá	75

## 1. ÞUNNSNEIÐALÝSINGAR

### 1.1 Þunnsneiðalýsingar frá Mg-34

Þunnsneið nr 6045, Mg-34, dýpi 50 m.

Fínkristallað þóleiitbasalt (mynd 2.18) og takkylítískt gler með svipaða plagíóklaslista og eru í basalti. Þetta er sennilega frá karga frá sama lagi. Veruleg ummyndun er í pyroxen grunnmassanum og sést á mynd 3.18. Holufyllingar eru næstum bara kalsít.

Þunnsneið nr 6046, Mg-34, dýpi 96 m.

Mjög einsleitt þóleiitbasalt (mynd 3.18) nær engar holufyllingar, vottur af kalsíti.

Þunnsneið nr 6047, Mg-34, dýpi 187 m.

Mjög fínkristallað basalt (mynd 4.18), einnig eru dreifðir plagíóklasdílur í þessu. Holufyllingar eingöngu kalsít.

Þunnsneið nr 6048, Mg-34, dýpi 220 m.

Mest takkylítískt gler með mismiklu magni af plagíóklaslistum og holufyllingum (mynd 5.18), nokkur ummynduð síderómelanbrotkorn sjást. Dreifikornin í túffinu eru stærri en brotkornastærðin. Nær ekkert af holufyllingum í brotkornastærðinni, holufyllingar í glerbrotkornum eru kvars og kalsít.

Þunnsneið nr 6049, Mg-34, dýpi 298 m.

Mest fínkristallað þóleiitbasalt með mismiklu af takkylítísku gleri (mynd 7.18) og túffi, einnig settúff þar sem dreifikornastærðin er minni en brotkornastærðin (mynd 6.18), bindiefnið er stilbít, kvars, kalsít og þráðlaga grænleitur leir. Holufylling zeólítar (skólesít, stilbít, laumontít), kvars og kalsít og grænn fjaðraður leir.

Þunnsneið nr 6050, Mg-34, dýpi 398 m.

Settúff þar sem dreifikornastærðin er minni en brotkornastærðin (myndir 9.18 og 10.18). Bindiefnið er kalsít, zeólítar (erfitt að þekkja þá vegna smæðar) og kvars. Kalsít er langalgengasta holufyllingin og bindiefnið stundum.

Þunnsneið nr 6051, Mg-34, dýpi 410 m.

Túff, sennilega að verulegu leyti settúff (mynd 8.18), bindiefnið er kalsít og leir.

Þunnsneið nr 6052, Mg-34, dýpi 496 m.

Dólerít, misjafnlega ummyndað (mynd 11.18). Engar holufyllingar.

Þunnsneið nr 6053, Mg-34, dýpi 540 m.

Fínkristallað basalt (þóleiitbasalt) með dreifðum plagíóklasdílum (mynd 12.18). Ummyndun er nokkur í grunnmassa, nær engar holufyllingar, vottur af kalsíti og kvars.

Þunnsneið nr 6054, Mg-34, dýpi 592 m.

Mjög ummyndað fínkristallað basalt (þóleiitbasalt) (mynd 13.18). Ummyndun, allur grunnmassinn horfinn og leir og kalsít komið í staðinn (mynd 13.18). Leir er grænn með lágu tvíbroti, klórít, en einnig sést leir með háu tvíbroti, blandlag. Holufyllingar kalsít, kvars, pyrít og prenit.

Punnsneið nr 6190, Mg-34, dýpi 620 m.

Meðalgróft basalt með ófitískan til subófitískan textúr, nálægt því að vera ólívínþóleiúbasalt (mynd 14.18). Einnig eru nokkur brotkorn af fínkristölluðu basalti sem gæti jafnvel verið frá seti því það er rími af holufyllingarsteindum í kringum brotkornin og sést á mynd 15.18, einnig takkylítískt og ummyndað siderómelangler, lítið af holufyllingum, kalsít, kvars og laumontít.

Punnsneið nr 6191, Mg-34, dýpi 640 m.

Fínkristallað ummyndað basalt (mynd 16.18), samt ekki mjög dæmigert þóleiú. Nokkur meðalgróf basaltbrotkorn fersk, sennilega frá gangayru. Holufyllingar með laumontít, kalsít og pyrít finnast einnig.

Punnsneið nr 6192, Mg-34, dýpi 698 m.

Mjög fínkristallað ummyndað basalt (þóleiúbasalt) (mynd 17.18). Það er misjafnt magn af takkylíti í grænum massa, annars er sneiðin með mjög einsleitt berg. Fremur lítið af holufyllingum mest kalsít. Töluverð hematítisering er í takkylítinu.

Punnsneið nr 6193, Mg-34, dýpi 832 m.

Tvennskonar fínkristallað basalt (mynd 18.18) (þóleiúbasalt) og meðalgróft til gróft basalt fremur ferskt, væntanlega frá gangi. Ummyndun er talsverð í grunnmassa, einnig sést ummyndun í plagióklasdílum (mynd 19.18).

Punnsneið nr 6194, Mg-34, dýpi 970 m.

Móberg með mismunandi gleri, blöðrótt siderómelan með engum plagióklaslistum, ummyndaðu gleri með talsverðu af smáum plagióklaslistum (mynd 20.18), einnig finnast takkylít með samskonar plagióklaslistum. Dreifikornastærðin er bæði minni og stærri en brotkornastærðin. Bindiefni mest kalsít og kvars eins og er á mynd 20.18, nokkuð er einig af holufyllingum sem brotkorn, og eru steindirnar þær sömu og í bindiefninu.

Punnsneið nr 6195, Mg-34, dýpi 1042 m.

Grófkristallað ferskt basalt dólerít (mynd 21.18). Engar holufyllingar.

Punnsneið nr 6196, Mg-34, dýpi 1104 m.

Fínkristallað basalt svolítið mismunandi gróft (mynd 22.18 (þóleiúbasalt) mjög lítið af holufyllingum, kvars, laumontít, kalsít og pyrít.

Punnsneið nr 6197, Mg-34, dýpi 1148 m.

Móberg þar sem meginhlutinn er ummyndað gler með enga plagióklaslista (mynd 24.18) og bæði stærri og minni en brotkornastærðin. Holufyllingar kalsít, kvars, laumontít, pyrít og prenit. Á mynd 23.18 er sýnt brotkorn af pyríti og prenití.

Punnsneið nr 6198, Mg-34, dýpi 1160 m.

Móberg ummyndað siderómelan og takkylít (mynd 25.18). Einnig er mismikið af plagióklaslistum í glerinu og oftast eru flest dreifikornin stærri en brotkornastærðin. Holufyllingar mest kvars og kalsít.

Punnsneið nr 6199, Mg-34, dýpi 1200 m.

Móbergstúff (settúff) þar sem verulegur hluti dreifikorna, mest ummyndað siderómelangler, er minni en brotkornastærðin (mynd 1.19), bindiefni kvars, kalsít, klórít og grænn leir.

Punnsneið nr 6200, Mg-34, dýpi 1276 m.

Prenns konar brotkorn, meðalgrófkristallað basalt (mynd 2.19) frá dólerítlagi merkt á sniðið, túff brotkorn svipuð og fyrir ofan og svo nokkur fínkristölluð basaltbrot (mynd 3.19). Holufyllingar eru sömu og fyrir ofan nema það er talsvert af pyríti í dólerítganginum.

Punnsneið nr 6201, Mg-34, dýpi 1320 m.

Móberg þar sem verulegur hluti dreifikorna er stærri en brotkornastærðin. Glerið er brúnt og svart en oft grænt meðfram köntum og stöku korn eru græn með lágu tvíbroti (mynd 4.19), en ef notuð er bernhardlinsa er allt grænt, sennilega allt klórít. Sneiðin er of þykk.

Punnsneið nr 6202, Mg-34, dýpi 1342 m.

Mest fínkristallað basalt (þóleítbasalt) (mynd 5.19). Basaltbrotkornin eru með mismiklu takkylítisku gleri og sum brotkornin eru takkylít og plagíóklaslistar. Einnig er nokkuð af túff-brotkornum. Lítið af holufyllingum, kalsít, kvars epidót (mynd 6.19) og pyrít.

Punnsneið nr 6203, Mg-34, dýpi 1386 m.

Settúff með dreifikorn stærri og minni en brotkornastærðin. Bindiefnið kvars og kalsít. Holufyllingar kvars, kalsít og vottur af preníti og pyríti.

Punnsneið nr 6204, Mg-34, dýpi 1420 m.

Mest fínkristallað basalt (mynd 7.19), einnig finnst nokkuð af túffi, meðalgrófu basalti og holufyllingum. Holufyllingar eru kvars, kalsít epidót og pyrít (mynd 8.18).

Punnsneið nr 6205, Mg-34, dýpi 1444 m.

Túff þar sem kvars er aðal holufyllingarsteindin og sem bindiefni (mynd 9.19), talsvert af pyríti og vottur af kalsíti.

Punnsneið nr 6206, Mg-34, dýpi 1504 m.

Meðal- til grófkristallað basalt misferskt (mynd 10.19) sennilega frá dóleríti, nær engar holufyllingar en vottur af pyríti.

Punnsneið nr 6207, Mg-34, dýpi 1582 m.

Langmest ummyndaður glerkenndur massi, sem er ógagnsær nema með bernhardlinsu, þá sést að þetta er að mestu leir, líklega klórít (mynd 11.19), einnig eru örfá brotkorn af grófu basalti, lítið af holufyllingum, kvars, kalsít, pyrít og prenít (mynd 11.19).

Punnsneið nr 6208, Mg-34, dýpi 1632 m.

Gróft basalt og túff (mynd 12.19), lítið af holufyllingum, kvars, kalsít, pyrít, vottur af epidóti og preníti.

Punnsneið nr 6209, Mg-34, dýpi 1664 m.

Dólerít (mynd 13.19) engar holufyllingar.

Punnsneið nr 6210, Mg-34, dýpi 1690 m.

Mest leirkenndur dökkur massi sem sést í gegnum nema í bernhardlinsu (sneiðin er of þykk). Þetta er sennilega mest klórítummyndun í gleri (mynd 14.14) einnig eru nokkur brotkorn frá dóleríti. Nokkuð af holufyllingum, kvars, prenit, pyrít, epidót og kalsít.

Punnsneið nr 6211, Mg-34, dýpi 1774 m.

Langmest brotkorn sem eru frá dóleríti (mynd 15.19). Nokkuð af túffkenndum brotkornum. Lítið af holufyllingum kalsít, laumontít, kvars og prenit.

Punnsneið nr 6212, Mg-34, dýpi 1822 m.

Margskonar brotkorn, meðalgróf- til grófkristölluð basaltbrotkorn (mynd 16.19), eitthvað af fínkristölluðu basalti (mynd 17.19) og túffkenndu klóríti væntanlega frá millilagi. Þetta er frá tvennum basaltlögum og millilagi eða frá dóleríti, basaltlagi og millilagi. Lítið af holufyllingum, prenit, kvars og vottur af epidóti.

Punnsneið nr 6213, Mg-34, dýpi 1826 m.

Mest mjög fínkristallað basalt þar sem aðeins eru eftir plagíóklaslistar og magnetít (mynd 18.19), en einnig eru til korn með talsverðu af pyroxeni (mynd 19.19), einnig talsvert af meðalgrófu til grófu basalti og túffkenndum ógagnsæjum kornum. Holufyllingar kvars, epidót, prenit og pyrít.

Punnsneið nr 6214, Mg-34, dýpi 1904 m.

Mismunandi brotkorn og mismunandi basaltbrotkorn hvað varðar grófleika og eru allt frá grófu basalti til mjög fíns og glerkennds basalts þar sem grunnmassinn er nærri horfinn. Mynd 20.19 sýnir meðalgróft basalt, talsvert mikið er af túffkenndu efni, holufyllingar kvars, epidót, kalsít og prenit.

## 1.2 Punnsneiðalýsingar frá Mg-29

Punnsneið nr 5014, Mg-29, dýpi 26 m.

Þóleítbasalt og takkylítískt gler (mynd 13.16). Holufyllingasteindir, kalsít og mesólít, þetta er blaðlaga og þráðóttur zeólít, það gæti verið fyllypsít eða jafnvel mordenít (mynd 14.16). Talsvert ummyndun er í pyroxen grunnmassanum og er hluti farinn yfir í brúnan leir, smektít (mynd 13.16) en einnig sést þráðlaga leirsteind við holur með hreinu tvíbroti, hefur verið nefnt þráðlaga smektít.

Punnsneið nr 5015, Mg-29, dýpi 60 m.

Ferskt þóleítbasalt með nær engum holufyllingum (mynd 15.16) en nokkrum takkylítbrotkornum. Nokkur ummyndun er í pyroxen-gler grunnmassanum yfir í leir (mynd 15.16) og einnig er talsvert af leir á köntum sumra brotkorna sem gæti verið leirmyndun í sprungum. Holufylling vottur af kalsíti.

Punnsneið nr 5016, Mg-29, dýpi 140 m.

Glerrík móbergsbreksía, næstum öll brotkorn af ummynduðu gleri (mynd 16.16). Einstaka brotkorn holufyllingar af mesólíti og kalsíti. Leirsteindirnar eru smektít, en einnig finnast leirsteindir sem gætu verið blandlagssteindir með illíti. Þetta er túff þar sem dreifikornastærðin er stærri en brotkornastærðin.



Þunnsneið nr 5017, Mg-29, dýpi 200 m.

Glerrík móbergsbreksía, brotkorn af brúnu eða grænu ummynduðu gleri, nokkuð af holufyllingum, kalsíti og zeólítum, sennilega mesólíti.

Þunnsneið nr 5018, Mg-29, dýpi 284 m.

Fremur grófkristallað basalt sem er á mörkum ólívínþóleiút og þóleiútbasalts (mynd 17.16), allmikið af holufyllingum. Basaltið er svolítið mismunandi grófkristallað og einnig er talsvert mikið af takkylítísku gleri í grunnmassa sem fer yfir í takkylít með plagióklaslistum. Holufyllingar eru langmest kalsít en zeólítar finnast, mesólít, glerjað ólívínþóleiút. Plagióklas hefur farið yfir í zeólít.

Þunnsneið nr 5019, Mg-29, dýpi 350 m.

Þetta er mest takkylítískt gler með plagióklaslistum og nokkur þóleiútbasaltbrotkorn (mynd 19.16). Mikil ummyndun og hefur kalsít oft komið í stað glersins, einnig er hluti takkylítsins farinn yfir í hematít. Holufyllingar kalsít og kvars. Þetta er basaltríkt móberg eða kargi.

Þunnsneið nr 5020, Mg-29, dýpi 390 m.

Mest mjög fínkornótt basaltkorn (mynd 19.16), kornin eru oft sprungin með leirsteindir, kalsít og zeólíta í sprungunum. Auk basaltsins eru nokkur setkorn með takkylítískt gler sem dreifikorn. Nokkuð er af holufyllingarbrotkornum, einkum kalsíti, breksíað basalt. Ummyndun, nær allur pyroxen-gler grunnmassinn yfir í brúnleitan leir (smektít), kalsít og grænn leir finnst einnig í grunnmassa, sneiðin er allt of þunn. Stærsti hluti grunnmassans er slípaður í burt.

Þunnsneið nr 5021, Mg-29, dýpi 404 m.

Mjög mismunandi brotkorn, fínkornótt basaltbrotkorn, mjög myndbreytt glerbrotkorn, fínkornótt basaltkorn með takkylítísku gleri, takkylít, ummyndað siderómelan og setbrotkorn (mynd 20.16) með takkylítískt gler sem dreifikorn og kalsít sem bindiefni, einnig eru takkylítísk brotkorn með skæni af kalsíti. Holufylling kalsít, kvars, zeólítar (mesólít og laumontít).

Þunnsneið nr 5022, Mg-29, dýpi 436 m.

Margvísleg brotkorn, mest túffkennd brotkorn (mynd 21.16), nokkuð af fínkornóttum basaltbrotkornum og einstaka grófkristölluð basaltbrotkorn, mikið af holufyllingarbrotkornum, kalsíti, zeólítum, kvasi og pyríti. Zeólítarnir mest stilbít. Þetta er sennilega frá túffkenndu seti.

Þunnsneið nr 5023, Mg-29, dýpi 496 m.

Mjög ummyndað grófkristallað ólívínþóleiútbasalt (mynd 22.16) með mikið af holufyllingum úr kalsíti, kvasi, zeólítum og pyríti. Pyroxenið er að mestu leyti horfið yfir í grænan og brúnan leir. Einnig er nokkuð af takkylítísku gleri.

Þunnsneið nr 5024, Mg-29, dýpi 506 m.

Fínkornótt þóleiútbasalt með dreifðum dílum af plagióklas (mynd 23.16). Mikil ummyndun og hefur kalsít og leir komið í stað grunnmassa, og einnig hefur kalsít étið sig inn í plagióklasann (mynd 24.16). Þetta er kalsít replacement. Holufyllingar kalsít, kvars, stilbít og pyrít.

Punnisneið nr 5025, Mg-29, dýpi 554 m.

Fínkristallað þóleiítbasalt (mynd 24.16). Ummyndun nær öll pyroxen, gler grunnmassinn er ummyndaður yfir í grænan leir með lágu tvíbroti, klórít. Holufyllingar kvars og kalsít.

Punnisneið nr 5026, Mg-29, dýpi 582 m.

Fínkristallað þóleiítbasalt (mynd 1.17), nokkur túffkennd brotkorn og örfá grófkristölluð ummynduð basaltbrotkorn (mynd 2.17). Lítið af holufyllingum mest kvars og kalsít. Ummyndun, nær allur pyroxen og gler grunnmassinn er ummyndaður yfir í leir, einnig hefur kalsítið étið sig inn í grunnmassann.

Punnisneið nr 5027, Mg-29, dýpi 620 m.

Mest misjafnlega fínkristallað þóleiítbasalt og nokkur túff- og setkorn (mynd 3.17). Þetta er allt frá sama lagi en misjafnlega innarlega í laginu. Ummyndun er talsverð, þó er hluti pyroxens eftir í grunnmassa, fremur lítið er af holufyllingum, kalsít, kvars og laumontít.

Punnisneið nr 5028, Mg-29, dýpi 720 m.

Fínkristallað (þóleiít)basalt með byrjun á ummyndun (mynd 4.17) basalt brotkorn með miklu af takkylítisku gleri (mynd 5.17) heldur grófkristallaðri, sem fara alveg yfir í brotkorn með takkylítisku gleri og plagíóklaslistum. Lítið af holufyllingum mest kalsít, vottur af kvars, zeólít og pyrít. Ummyndun er misjöfn en í sumum brotkornum er talsvert af grunnmassa farinn yfir í leir og kalsít.

Punnisneið nr 5029, Mg-29, dýpi 790 m.

Mest misummynduð grófkristölluð basaltbrotkorn (mynd 6.17), einnig eru nokkur brotkorn af þóleiítisku basalti (mynd 6.17). Talsvert af brotkornum af glerkenndu efni með örfáum plagíóklasnalum sést á mynd 7.17 ásamt kvars, kalsíti og pyrít, einnig nokkur takkylít brotkorn. Ummyndun er talsvert í grunnmassa, í basaltinu er hluti pyroxen farinn yfir í leir, einnig sést að kalsít hefur komið í stað pyroxens. Sumsstaðar hefur plagíóklas einnig ummyndaðast (mynd 8.17) þar er kalsít og zeólítar að koma í stað pyroxens. Lítið er af holufyllingum, kalsít, kvars og pyrít.

Punnisneið nr 5030, Mg-29, dýpi 852 m.

Mest fínkristallað þóleiítbasalt (mynd 9.17), nokkur brotkorn, misummyndað grófkristallað basalt. Ummyndun er mismikil, en ailsstaðar er hluti pyroxens farinn yfir í brúnleitan leir, en sumsstaðar er pyroxen alveg horfinn eða aðeins smárestar, einnig er kalsít að éta sig inn í grunnmassann eins og á mynd 10.17. Nær engar holufyllingar en svolítið af kalsíti.

Punnisneið nr 5031, Mg-29, dýpi 940 m.

Mest ummyndað gler þar sem dreifikornastærðin er bæði stærri og minni en brotkornastærðin. Þar sem dreifikornin eru minni en brotkornastærðin er bindiefnið kalsít og kvars (mynd 11.17), einnig er nokkuð af meðalgröfu basalti misjafnlega ummynduðu. Sumsstaðar hefur kalsít komið í stað pyroxen. Holufyllingar kalsít, kvars og pyrít.

Punnisneið nr 5032, Mg-29, dýpi 1032 m.

Mest mjög fínkornótt, glerkennt þóleiítbasalt (mynd 12.17). Lítið af holufyllingum, kalsít, kvars.

Punnsneið nr 5033, Mg-29, dýpi 1116 m.

Mest glerkennd ummynduð brotkorn, og brotkorn sem eru að mestu leyti kvars og kalsít. Vegna ummyndunar eru oft óskýr mörk á milli bindiefnis og ummyndunar en í nokkrum brotkornum er þetta þó nokkuð skýrt á myndum 13.17 og 14.17. Þar er kalsít og kvars bindiefnið. Einnig eru nokkur brot af fínkristölluðu glerkenndu basalti sem er hluti af móberginu, einnig örfá meðalgróf basaltbrotkorn misummynduð. Talsvert mikið af holufyllingum, kvasi og kalsíti.

Punnsneið nr 5034, Mg-29, dýpi 1176 m.

(1) Fínkristölluð basaltbrotkorn mjög misjafnlega ummynduð (mynd 15.17) og mismikið takkylítískt gler og svo eru brotkorn sem hafa aðeins plagíóklaslista og takkylítískt gler. (2) Brotkorn af ummynduðu gleri, glerdreifikornum sem eru minni en brotkornastærðin (mynd 16.17) bundnum saman með kalsíti og kvasi. (3) Mjög grófkristölluð basalt og dólerít brotkorn, stundum mjög ummynduð, eitt eða tvö brotkorn, þar sem allur pyroxen er horfinn (leirsteindir). Talsvert af ummyndunarsteindum, leirsteindir, kalsít, kvars og epidót (mynd 16.17) finnst einnig í grunnmassa. Lítið af holufyllingum, kalsít, kvars og epidót. Borað í gegnum dólerít og setmóberg.

Punnsneið nr 5035, Mg-29, dýpi 1202 m.

Mest túffkennd móbergsbreksía þar sem meginhlutinn er túff, oftast með dreifkorn stærri en brotkornastærðin en þar sem dreifikornastærðin er minni er bindiefnið zeólítar, kvars og kalsít (mynd 17.17).

Punnsneið nr 5036, Mg-29, dýpi 1260 m.

Tvenns konar brotkorn annars vegar mjög fínkristölluð þóleiítbasalt brotkorn (mynd 18.17), sem eru stundum mest úr takkylítisku gleri og plagíóklaslistum. Sumsstaðar eru þessi fínkristölluðu basaltbrotkorn sem dreifikorn í samlímdum kornum (kalsíti), sem getur bent til þess að þetta gæti að hluta verið úr millilagi. Hinsvegar eru grófkristölluð basalt- eða dólerít brotkorn (mynd 19.17) svolítið ummynduð. Blanda af basaltlagi og dólerítinnskoti. Lítið af holufyllingum, kalsít og spor af eidóti finnast.

Punnsneið nr 5037, Mg-29, dýpi 1290 m.

Fínkristallað þóleiítbasalt (mynd 20.17), nokkur túff brotkorn, nokkuð af brotkornum af holufyllingarsteindum kvasi, kalsíti og epidóti (mynd 21.17).

Punnsneið nr 5038, Mg-29, dýpi 1314 m.

Mikið af fínkornóttu, ummynduðu basalti (mynd 22.17) og mikið af brotkornum af túffi og holufyllingarsteindum. Túff dreifikornin eru bæði stærri og minni en brotkornastærðin. Holufyllingar eru mest kvars og kalsít sem eru einnig bindiefni þar sem dreifikornin eru minni en brotkornastærðin.

Punnsneið nr 5039, Mg-29, dýpi 1355 m.

Mest fínkristallað allmyndbreytt basalt með dreifðum plagíóklasdílum (mynd 1.18), einnig talsvert af túffi og meðalgrófu fersku basalti, sennilega frá þunnum gangi. Fremur lítið af holufyllingum, kvars og kalsít.

### 1.3 Punnsneiðalýsingar frá Mg-38

Punnsneið nr 7089, Mg-38, dýpi 58 m.

Holufyllt glerrík móbergsbreksía þar sem glerið er með talsvert af plagíóklaslistum, einnig eru nokkur brotkorn frá basalti. Það ber á oxun í sumum brotkornum. Þetta gæti verið frá seti, á stöku stað sjást dreifð korn af gleri í brotkornunum (mynd 11.20). Bindiefnið mest kalsít, en kvars og leir finnast. Mjög mikið er af holufyllingum, langmest kalsít, en kvars og pyrít eru einnig í nokkrum mæli. Ummyndun, mest að glerinu er farið yfir í smektít og í basaltbrotkornum er verulegur hluti grunnmassans einnig farinn yfir í smektít og í sumum brotkornum er allur grunnmassinn farinn yfir í smektít, það er einkum í grófkristallaðasta hluta basaltsins.

Punnsneið nr 7090, Mg-38, dýpi 84 m.

Mjög líklega úr setlagi, mikið af rauðleitum massa, sem er setlegur og mikið af fínkristölluðu oxuðu basalti, kalsíti og nokkur brotkorn af basalti sem eru sitt úr hverri áttinni. Mynd 12.20 sýnir ávalt basalt með leirtæjur sem bendir til mismunandi bergs. Lítið er af holufyllingum, kalsít og kvars.

Punnsneið nr 7091, Mg-38, dýpi 120 m.

Mest fremur grófkristallað ummyndað basalt, virðist vera á mörkum ólívínþóleíts og þóleíts (mynd 13.20). Grunnmassinn er að nokkru leyti horfinn yfir í leir. Einnig er nokkuð af brotkornum af þóleítbasalti misummynduðum, í sumum brotkornunum er grunnmassinn allur farinn yfir í leir. Lítið af holufyllingum, kalsít, kvars og hematít.

Punnsneið nr 7092, Mg-38, dýpi 194 m.

Frá túfkenndu lagi, mest takkylítísku gleri og siderómelan (mynd 14.20). Einnig eru brotkorn sem eru frá þóleíti og mikið er af kalsíti sem holufyllingarsteind og bindiefni og nokkuð af kvarsi.

Punnsneið nr 7093, Mg-38, dýpi 210 m.

Mismunandi grófkristallað og ummyndað þóleítbasalt (mynd 15.20). Allt frá sama lagi. Holufyllingar kvars og kalsít.

Punnsneið nr 7094, Mg-38, dýpi 256 m.

Mestmegnis meðal- til grófkristallað mismikið ummyndað basalt, líklega ólívínþóleít (mynd 15.20), nokkur brotkorn úr fersku þóleítbasalti, talsvert er af takkylítísku gleri með plagíóklaslista, einnig eru nokkur brotkorn af seti (mynd 17.20). Þetta er frá basaltlagi, milli-lagi og karga. Holufyllingar, kalsít, kvars, zeólítar (mesólít) og vottur af pyríti. Í stað pyroxens og takkylítísku glers er kominn að hluta fjaðraður grænn leir. Brúnn smektít er aðal ummyndunarsteindin af takkylíti og pyroxen.

Punnsneið nr 7095, Mg-38, dýpi 310 m.

Settúff þar sem dreifikornastærðin er að verulegu leyti minni en brotkornastærðin (mynd 18.20). Dreifikornin eru siderómelan og takkylítískt gler með dreifðum dílum af plagíóklasi, bindiefni kalsít, kvars og zeólítar. Ummyndun, verulegur hluti glersins hefur aðeins vatnast og ummyndast yfir í palagónít, en nokkur hluti hefur ummyndast yfir í fjaðraðan leir með lágu tvíbroti (mynd 19.20), einnig er nokkur ummyndun í plagíóklas. Holufyllingar eru þær sömu og í bindiefni en það er meira um zeólíta, (laumontít og stílbít?)

Punnsneið nr 7096, Mg-38, dýpi 430 m.

Fremur grófkristallað basalt með litlum málm, ófítiskur textúr og ekki mjög ummyndað (mynd 20.20), sennilega er þetta ólivínþóleiít, en þó á mörkum ólivínþóleiíts og þóleiíts, fremur lítið er af holufyllingum, kalsít, kvars, (zeólítar) og mesólít.

Punnsneið nr 7097, Mg-38, dýpi 506 m.

Brotkorn af ummynduðu ólivínþóleiíti (mynd 21.20) og fersku þóleiítbasalti úr basaltlaginu fyrir ofan, talsvert af holufyllingum, kvars, kalsít, zeólítar (laumontít?).

Punnsneið nr 7098, Mg-38, dýpi 550 m.

Ummyndað ólivínþóleiítbasalt (mynd 22.20), talsvert af sporum eftir ólivín oft með rauða kanta. Pyroxen er að nokkru leyti ummyndað, ýmist í klórít eða kalsít, en þó er talsvert eftir af pyroxeninu. Holufyllingasteindir kvars, kalsít, fjaðraður leir með lágu tvíbroti, zeólítar (laumontít, mesólít o.fl.), epidót (mynd 21.20) og pyrít.

Punnsneið nr 7099, Mg-38, dýpi 684 m.

Ummyndað þóleiítbasalt (mynd 1.21) með nokkuð af holufyllingum einkum kalsít, kvars og zeólítar.

Punnsneið nr 7100, Mg-38, dýpi 742 m.

Mest fremur grófkristölluð misjafnlega ummynduð basaltbrotkorn (myndir 2.21 og 3.21) með ófítiskan textúr. Til eru brotkorn sem eru mjög ummynduð, svo sennilega er þetta misjafnlega grófur gangur, gæti verið dólerít. Sums staðar er kalsít og zeólítar komnir í staðinn fyrir plagíóklas. Lítið af holufyllingum, kvars, kalsít og pyrít.

Punnsneið nr 7101, Mg-38, dýpi 744 m.

Blanda af tvenns konar brotkornum, túffkenndri breksíu og mjög ummynduðu ólivínþóleiítbasalti þar sem nær allur pyroxen er farinn yfir í kalsít og leir. Töluvert er einnig af kalsít holufyllingum. Móbergsbrotkornin eru tvenns konar, það er mjög ummynduð brotkorn með þetta plagíóklaslista gæti verið ummyndað takkylít og svo er ummyndað siderómelan með litlu af plagíóklaslistum og hluti af siderómelangleri, dreifikornin eru minni en brotkornastærðin (mynd 4.21).

Punnsneið nr 7102, Mg-38, dýpi 800 m.

Blönduð brotkorn mest af meðalgrófu til grófu basalti misjafnlega ummynduðu (mynd 5.21), allt frá alveg ferskum brotkornum til mjög ummyndaðra, en algengast er svipuð ummyndun og á mynd 5.21. Þetta er sennilega frá dóleríti, einnig er nokkuð af takkylítisku gleri, nokkur fínkristölluð þóleiítbasalt brotkorn. Nokkuð er af holufyllingum, langmest kalsít og nokkuð af pyríti, vottur af kvars og zeólítum.

Punnsneið nr 7103, Mg-38, dýpi 824 m.

Móberg, mest móbergstúff með blöðróttu siderómelani (mynd 6.21) holufyllt, mest kalsít einnig finnast brotkorn þar sem dreifikornastærðin á siderómelaninu er minni en brotkornastærðin, þá er bindiefnið einnig kalsít. Einnig eru nokkur brotkorn af basalti misjafnlega grófkristölluð og ummynduð, en víðast hvar er grunnmassinn farinn yfir í kalsít og leir. Holufyllingar kalsít, kvars, pyrít, hematít og prenit.

Punnsneið nr 7104, Mg-38, dýpi 864 m.

Margs konar brotkorn, sennilega er þetta frá móbergi eða móbergsseti. Mest er af túffkenndum brotkornum (mynd 7.21) takkylít með plagíóklaslista og sumsstaðar eru takkylít dreifikornin minni en brotkornastærðin (mynd 8.21) þar sem bindiefni er leir, kalsít og kvars. Talsvert er af meðalgröfu basalti þar sem grunnmassinn er að mestu hrofinn yfir í leir og kalsít, aðeins í stærstu brotkornum sjást leifar af pyroxeni. Einnig eru nokkur brotkorn af í mjög fínkristölluðu basalti þar sem aðeins er eftir plagíóklaslistar og magnetít af upprunalegum steindum. Þetta gæti hafa verið hlutkristallað basalt. Ummyndun, mest ber á leir og kalsíti í ummyndun í grunnmassa og einnig í takkylítinu, en auk þess hefur það ummyndast yfir í hematít. Holufyllingar eru kalsít, kvars og laumontít.

Punnsneið nr 7105, Mg-38, dýpi 924 m.

Mest misjafnlega fersk, fínkristöllð þóleiúbasaltbrotkorn (mynd 9.21), einnig nokkur grófkristölluð basaltbrotkorn (mynd 10.21) mjög ummyndað, sem gætu verið ólívínþóleiút. Einnig er nokkuð af takkylíti með plagíóklasdílum þar sem kalsít hefur að verulegu leyti komið í stað plagíóklasins (mynd 11.21). Lítið er af holufyllingum, mest kalsít, vottur af zeólítum og pyrít. Studum er kalsít komið í staðinn fyrir pyroxen í ólívínþóleiútinu en oftast er það leir.

Punnsneið nr 7106, Mg-38, dýpi 960 m.

Aðallega þrenns konar brotkorn (1) fínkristallað mjög ummyndað þóleiúbasalt (mynd 12.21), (2) fersk, grófkristölluð basaltbrotkorn (mynd 13.21), (3) brotkorn frá móbergi, túffi. Nokkuð er af kalsít holufyllingum, einnig finnast zeólítar og pyrít.

Punnsneið nr 7383, Mg-38, dýpi 1048 m.

Móberg mest ummyndað gler með örfáum plagíóklaslistum. Sum dreifikornin eru minni en brotkornastærðin (mynd 14.21), einnig er nokkuð af meðalgröfu basalti misummyndaðu (mynd 14.21). Holufyllingar kalsít, laumontít, kvars, prenit og pyrít. Sneiðin er þykk, það er hugsanlegt að prenit sé ekki.

Punnsneið nr 7384, Mg-38, dýpi 1128 m.

Blönduð brotkorn, meðalgróft til grófkristallað basalt (mynd 15.21), misgróft þóleiúbasalt en fer næstum yfir í mjög fínkristallað glerkennt basalt (mynd 16.21). Svo er talsverður hluti brotkornanna frá móbergi eða millilagi (mynd 17.21) takkylít og kvars. Holufyllingar kalsít, kvars og laumontít.

Punnsneið nr 7385, Mg-38, dýpi 1168 m.

Mest fínkristallað basalt (þóleiúbasalt) en misjafnlega fínkristallað og ummyndað (mynd 18.21). Einnig eru nokkur brotkorn af meðal- til grófkristölluðu basalti og túffkenndum brotkornum, þó með svipaða plagíóklaslista og fínkristallað basalt. Ummyndun er misjöfn í grunnmassanum í fínkristallaða basaltinu og í sumum brotkornunum er verulegur hluti pyroxensins eftir, en víðast er meginhlutinn farinn yfir í leir og kalsít (mynd 18.21) og í sumum er ekkert eftir nema plagíóklaslistar og magnetít, það er einkum í því fínasta (með mestu gleri). Í grófara basaltinu er yfirleitt lítil ummyndun, þó hefur sumsstaðar kalsít komið í stað pyroxens. Holufyllingar, laumontít, kalsít, kvars, eitthvað af öðrum zeólítum en laumontíti og vottur af pyrít.

Þunnsneið nr 7387, Mg-38, dýpi 1276 m.

Móbergstúff þar sem verulegur hluti glerdreifikornanna er minni en brotkornastærðin (mynd 19.21), bindiefnið mest kalsít og kvars. Holufyllingar, lítið af holufyllingum, mest eru holufyllingar sem bindiefni eða samanvið gler, dreifikornin eru þau sömu og í bindiefninu kalsít og kvars, en nokkrar holufyllingar af brotkornastærð af laumontíti og kalsíti. Ummyndun, nær allt gler er farið yfir í grænan leir, það sést þó ekki nema með bernhardlínsu.

Þunnsneið nr 7388, Mg-38, dýpi 1332 m.

Móberg með gler dreifikornum með fína plagíóklaslista (mynd 20.21). Dreifikornastærðin er yfirleitt stærri en brotkornastærðin en þar sem þau eru minni er leir bindiefnið. Einnig er nokkuð af fersku meðal- til grófkristölluðu basalti líklega frá dóleríti. Mjög lítið er af holufyllingum, mest kalsít.

Þunnsneið nr 7389, Mg-38, dýpi 1426 m.

Móberg, gler með plagíóklaslistum en gler dreifikornin eru stærri en brotkornastærðin (mynd 21.21). Allt glerið er farið yfir í leir, einnig hefur bæði kalsít og kvars komið í stað glersins. Mikið af holufyllingum, kalsít, kvars, zeólítar (mesólít laumontít) mjög mikið af pyrítu og smáir kristallar af epidóti finnast víða.

Þunnsneið nr 7386, Mg-38, dýpi 1180 m.

Meðalgrófkristallað basalt (mynd 1.22) og fínkristallað basalt plagíóklasnálar og magnetítorn. Grunnmassinn farinn yfir í leir, hefur væntanlega verið mest gler (mynd 2.22) svo grófara basalt þar sem verulegur hluti grunnmassans hefur farið yfir í kalsít (mynd 3.22), en oft talsvert eftir af pyroxeni í þessum kornum. Einnig er nokkuð af brotkornum sem eru að mestu ummyndað gler. Holufyllingar, zeólítar (laumontít o.fl), kalsít, kvars og einnig er grænn þráðóttur leir sem holufyllingar.

Þunnsneið nr 7391, Mg-38, dýpi 1528 m.

Móberg þar sem glerið er stundum með plagíóklaslista eða palíóklasnálar, og með dreifðum plagíóklasdílum þar sem kalsít hefur að hluta til komið í stað plagíóklassins. Glerið hefur annaðhvort ummyndað yfir í leir eða kalsít og kvars hefur komið í stað glersins (takylít) (mynd 4.22). Einnig eru nokkur brotkorn af fersku meðalgrófkristölluðu basalti, gæti verið dólerítýrur. Holufylling kalsít, zeólítar (laumontít o.fl), analsím, kvars, epidót og pyrít.

Þunnsneið nr 7392, Mg-38, dýpi 1546 m.

Blönduð brotkorn meðalgróft basalt, túff og mjög mikið af holufyllingum (mynd 5.22). Talsvert af meðalgrófa basaltinu er brotið niður í pyroxen og plagíóklas sem brotkorn. Holufyllingar mest kalsít, laumontít, kvars og pyrít.

Þunnsneið nr 7393, Mg-38, dýpi 1574 m.

Nokkuð ummyndað þóleítbasalt, verulegur hluti pyroxens er eftir (mynd 6.22). Nokkur brotkorn frá pyroxen og plagíóklas sem gæti verið frá fersku dóleríti og brotkorn frá móbergsseti. Einnig eru brotkorn af ummynduðu fremur grófkristölluðu basalti (mynd 7.22). Holufyllingar kalsít, kvars, laumontít, spor af epidóti, pyrít og prenit.

Punnsneið nr 7394, Mg-38, dýpi 1588 m.

Stór brotkorn frá móbergsseti með bindiefni af kvasi og kalsíti (mynd 8.22). Þessi brotkorn eru ekki úr laginu sem er verið að bora í gegnum. Þetta er fylla sem fallið hefur inn í holuna í borun og er frá jarðlagi eitthvað ofar í holunni. Mikið er af ummynduðu þóleiúbasalti (mynd 9.22). Einnig er nokkuð af brotkornum frá móbergi eða túffkenndu millilagi og nokkur fremur fersk grófkristölluð basaltbrotkorn væntanlega frá dóleríti. Holufyllingar kalsít, kvars, epidót, prenit og pyrít.

Punnsneið nr 7395, Mg-38, dýpi 1606 m.

Meginhluti brotkorna er frá móbergsgleri, mismunandi mikið af plagióklaslistum og ummyndað (mynd 10.22), einnig er talsvert af fersklegu meðalgrófu basalti frá gangi og móbergsseti. Holufyllingar, prenit, kvars, kalsít, epidót og pyrít. Prenit virðist vera að koma í stað epidóts því það sjást aðeins leifar af epidóti í prenitmassanum, einnig virðist hematít vera að koma í stað pyríts.

Punnsneið nr 7396, Mg-38, dýpi 1616 m.

Ummynduð móbergsbreksía þar sem dreifikornastærðin er yfirleitt stærri en brotkornastærðin (mynd 11.22). Holufyllingar

Punnsneið nr 7397, Mg-38, dýpi 1690 m.

Mest af brotkornum sem eru frá móbergi, einnig er nokkuð af plagióklasi og pyroxeni sem brotkorn og meðalgrófu fremur fersku basalti. Holufyllingar kalsít, prenit, epidót, kvars og pyrít.

Punnsneið nr 7398, Mg-38, dýpi 1722 m.

Brotkorn úr fersku dóleríti (mynd 12.22), talsvert ummynduðu ólivínbasaltsi og þóleiúti. Mikið af útfellingum svo sem kalsít, kvars, epidót, leir og prenit.

Punnsneið nr 7399, Mg-38, dýpi 1767 m.

Dólerít og ólivínbasaltbrotkorn nokkuð ferskleg (mynd 13.22). Erfitt er að greina hvað er úr ólivínbasalti og hvað dóleríti. Ummyndað þóleiúbasalt og móbergsbreksíubrotkorn (myndir 13.22 og 14.22). Lítið af holufyllingum, kalsít, kvars, pyrít og epidót.

## 1.4 Punnsneiðalýsingar frá Mg-33

Punnsneið nr 5996, Mg-33, dýpi 32 m.

Móberg, sennilega setmóberg, dreifikorn af ummynduðu síderómelani, takkylíti og nokkrum basaltkornum. Almenn er dreifikornastærðin stærri en brotkornastærðin, en þar sem dreifikornastærðin er minni er bindiefnið kalsít og mesólít (mynd 15.22). Á mynd 16.22 sést vel að basaltið er hluti af setinu þar sem eru tæjur af gleri, kalsíti og mesólíti.

Punnsneið nr 5997, Mg-33, dýpi 80 m.

Móbergstúff nokkuð einsleit brotkorn af leirkenndum massa, sumsstaðar sést móta fyrir dreifikornum í brotkornum eins og á mynd 17.22. Sneiðin er of þykk.



Punnsneið nr 5998, Mg-33, dýpi 146 m.

Blöðrótt túff (mynd 18.22), holufyllingar mest kalsít og zeólítar. Sneiðin er of þykk og meginhluti kemur fram sem svartur massi sem lýsir sér sem grænn leir í bernhardlinsu.

Punnsneið nr 5999, Mg-33, dýpi 228 m.

Mjög holufyllt móberg eða móbergsset þó að dreifikornastærðin sé stærri en brotkornastærðin. Dreifikornin eru af siderómelan, takkylíti og glerkenndu basalti þar sem allur grunnmassinn er farinn yfir í leir, kabasít og zeólíta (mynd 19.22). Holufyllingar kalsít, stilbít (og fl. zeólítar) (fyllipsít) pyrít (gyrolít?).

Punnsneið nr 6000, Mg-33, dýpi 296 m.

Þóleítbasalt með dreifða plagióklas- og pyroxendíla (mynd 20.22). MJög lítið af holufyllingum, kalsít, mesólít (fyllipsít).

Punnsneið nr 6001, Mg-33, dýpi 338 m.

Móberg, siderómelan, takkylít og eitthvað af glerkenndu basalti (mynd 21.22). Á stöku stað eru dreifikornin minni en brotkornastærðin, þá er grænn leir aðal bindiefnið (mynd 22.22). Holufyllingar kalsít, zeólítar (mesólít o.fl.).

Punnsneið nr 6002, Mg-33, dýpi 368 m.

Mest mjög ummyndað meðalgrófkristallað basalt (ólívínþóleít) þar sem nær allur grunnmassinn er farinn yfir í leir og kalsít (mynd 23.23). Einnig eru nokkur brotkorn frá móbergi. Lítið af holufyllingum, kalsít og zeólítar (mest stílbít).

Punnsneið nr 6003, Mg-33, dýpi 380 m.

Settúff íneð zeólíta og kalsít sem bindiefni (myndir 24.22 og 25.22). Sneiðin er of þykk, sést ekki nema á jöðrum sneiðarinnar í strúktúrvinnslu. Túffið er mjög holufyllt, mest kalsít og zeólítar (stilbít o.fl.).

Punnsneið nr 6004, Mg-33, dýpi 420 m.

Tvenskonar brotkorn, fínkristallað ummyndað basalt og brot sem eru komin frá móbergi eða móbergsseti (myndir 1.23 og 2.23). Talsvert af holufyllingum, kalsít, zeólítar (mesólít o.fl.), kalsedon og prenít.

Punnsneið nr 6005, Mg-33, dýpi 488 m.

Að mestu leyti brotkorn frá móbergi, einnig er nokkuð af brotkornum frá basalti. Holufyllingar mest kalsít og zeólítar (mesólít).

Punnsneið nr 6006, Mg-33, dýpi 510 m.

Mjög holufyllt móbergstúff (mynd 3.23). Holufyllingar eru stilbít, kalsít, kvars og pyrít.

Punnsneið nr 6007, Mg-33, dýpi 544 m.

Ummyndað móberg (mynd 4.23) sem sýnir grænan leir og talsvert af dökku ógangsæju efni, meginhluti þess er þó einnig leir (bernhardlinsa) en einnig er nokkuð af hematíti í þessu dökka efni. Mikið er af holufyllingum, kalsít, stilbít, kvars, hematít finnst víða í holufyllingarbrotkornum, oxað pyrít og vottur af pyríti.

Þunnsneið nr 6008, Mg-33, dýpi 588 m.

Langmest fínkristallað basalt (þóleiúbasalt) misjafnlega ummyndað (mynd 5.23), nokkur brotkorn af takkylítísku gleri með svipaða plagíóklaslista og í basaltinu, sennilega frá kargalaginu. Holufyllingar stilbít og kalsít.

Þunnsneið nr 6009, Mg-33, dýpi 642 m.

Mest fremur fínkristallað ummyndað basalt (þóleiúbasalt), virðist allur grænn massi farinn yfir í leir (mynd 6.23). Sneiðin er of þykk, en það er eitthvað af brotkornum sem gætu verið frá móbergi. Holufyllingar stilbít, kalsít, kvars og analsím.

Þunnsneið nr 6010, Mg-33, dýpi 656 m.

Mest meðal- til grófkristallað basalt (ólívínþóleiú eða dólerít) misjafnlega ummyndað (mynd 7.23), fremur fersk korn, en það eru til korn þar sem nær allur grunnmassinn er horfinn yfir í leir og kalsít, kalsít ummyndun er einnig í plagíóklasi. Holufyllingar, kalsít, kvars, analsím, stilbít og pyrít.

Þunnsneið nr 6011, Mg-33, dýpi 718 m.

Aðallega tvenns konar brotkorn. (1) Meðalgrófkristallað ummyndað basalt, vottar fyrir ófítískum textúr (mynd 8.23) (ólívínþóleiú?). (2) túffkennd brotkorn með misjafnlega mikið af plagíóklaslistum og sumsstaðar vottar fyrir magnetíti (mynd 9.23). Lítið af holufyllingum mest kalsít, vottur af zeólítum.

Þunnsneið nr 6012, Mg-33, dýpi 782 m.

Aðallega tvennskonar brotkorn, meðalgróft kristallað basalt og brotkorn komin frá móbergi. Meðal grófkristallaða basaltið er mjög misjafnlega ummyndað frá alveg fersku niður í mjög ummyndað eins og er á mynd 10.23 þar sem kalsít hefur að verulegu leyti komið í stað grunnmassans. Móbergið er af mismunandi dökku gleri og með mismikið af plagíóklaslistum og nálum og dreifikorn yfirleitt stærri en brotkornastærðin og nærri allt glerið er ummyndað yfir í leir og/eða kalsít (mynd 11.23). Holufyllingar langmest kalsít, stilbít, kvars og mesólít finnast og spor af pyríti.

Þunnsneið nr 6013, Mg-33, dýpi 814 m.

Móberg með mismunandi gleri, bæði mismunandi blöðrótt, mismikið magn af plagíóklaslistum og misdökkt og yfirleit eru dreifikornin stærri en brotkornastærðin (mynd 12.23), en þegar dreifikornastærðin er minni er kalsít bindiefni (mynd 13.23). Lítið af holufyllingum, kalsít, zeólítar og kvars.

Þunnsneið nr 6014, Mg-33, dýpi 834 m.

Tvennskonar brotkorn, meðalgrófkristallað basalt misjafnlega ummyndað (mynd 14.23) og brotkorn frá móbergi. Talsvert mikið er af takkylítísku gleri í móbergsbrotkornum (mynd 15.23). Lítið af holufyllingum, langmest kalsít.

Þunnsneið nr 6015, Mg-33, dýpi 878 m.

Móberg, túff með siderómelangler og hluti glerdreifikornanna er minni en brotkornastærðin (mynd 16.23) bindiefnið zeólítar og kalsít. Einnig eru nokkur brotkorn af fínkristölluðu meðalgrófu og grófu basalti misjafnlega ummynduðu, en að hluta til alveg ferskt. Allmikið af holu-

yllingum, kalsít, zeólítar (stilbít, laumontít o.fl.), kvars og pyrít oft með hematíthúð.

Þunnsneið nr 6016, Mg-33, dýpi 900 m.

Langmest brotkorn frá fínkristölluðu basalti (þóleíti eða jafnvel ísúru) (mynd 17.23) þar sem nær allur grunnmassinn er ummyndaður yfir í leir. Þó finnast nokkuð fersk brotkorn. Mjög lítið af holufyllingum, kalsít mest + zeólítar.

Þunnsneið nr 6017, Mg-33, dýpi 980 m.

Mest brotkorn frá túffi þar sem dreifikornastærðin er stærri en brotkornastærðin (mynd 18.23). Meginhluti glersins er farinn yfir í leir, misjafnlega vel kristallaðan, því meginhluti af dökka hlutanum í glerinu er einnig leir. Holufyllingar kalsít, stilbít og pyrít.

Þunnsneið nr 6018, Mg-33, dýpi 1024 m.

Langmest ummyndað gler með mismikið af plagíóklaslistum (mynd 19.23). Nokkuð af holufyllingum, kalsít, stilbít og pyrít, e.t.v. vottur af preníti.

Þunnsneið nr 6019, Mg-33, dýpi 1096 m.

Mest brotkorn frá móbergi og þar sem dreifikornastærðin er minni en brotkornastærðin er bindiefnið kvars og kalsít (mynd 20.23) en yfirleitt eru dreifikornin stærri, oft með plagíóklaslistum (mynd 21.23). Holufyllingar kalsít, zeólítar (stilbít, laumontít), kvars og pyrít.

Þunnsneið nr 6020, Mg-33, dýpi 1198 m.

Aðallega þrennskonar brotkorn, neðst grófkristallað basalt misjafnlega ummyndað (mynd 22.23), brotkorn frá móbergi (mynd 22.23) og frá fínkristölluðu basalti mjög ummynduðu (mynd 23.23). Holufyllingar, kalsít, zeólítar, kvars og pyrít.

Þunnsneið nr 6021, Mg-33, dýpi 1234 m.

Mest meðalgróf- til grófkristallað basalt misjafnlega ummyndað (mynd 24.23) og grófkristallað (mynd 1.24). Einnig eru móbergsbrotkornin misjafnlega dökk, nokkuð af takkilíti (mynd 24.23). Lítið af holufyllingum, mest kalsít.

Þunnsneið nr 6022, Mg-33, dýpi 1270 m.

Meginhluti brotkornanna er frá meðalgrófu til grófs basalt, að mestu ferskt (mynd 2.24). Mjög lítið af holufyllingum, kalsít, kvars og vottur af pyríti.

Þunnsneið nr 6023, Mg-33, dýpi 1314 m.

